



# kjarninn

3. útgáfa – 5. september – vika 36



## ÓÐINN JÓNSSON SVARAR FYRIR SIG

Er áhyggjufullur  
fyrir hönd íslenskra  
fjölmiðla

Ummæli Vigdísar „með  
því verra sem ég hef  
heyrt lengi“

Getur ekki skýrt furðu-  
lega heift Davíðs Odds-  
sonar



# Mikilvægasta ástæðan fyrir því að vera vel tryggður

Líf- og heilsutryggingar TM miða að því að veita þinni fjölskyldu fjárhagslegt öryggi með því að bæta tjón sem gæti haft áhrif á framtíðarvelferð hennar.

Við gerðum einfalda reiknivél þar sem þú getur séð hversu mikla vernd þú þarft fyrir þig og þína fjölskyldu.



**SJÁÐU HVERSU MIKLA VERND  
ÞÚ ÞARFT OG HVAÐ HÚN KOSTAR?**



Tryggingamiðstöðin  
Síðumúla 24, 108 Reykjavík

Opíð 8:30 – 16:30  
alla virka daga

S: 515 2000  
tm@tm.is



# Frestun á hrúni

## LEIÐARI

Pórður Snær Júlíusson  
thordur@kjarninn.is

**M**ikið hefur verið talað um „íslensku leiðina“ sem leiðarvísi út úr efnahagshrúni. Íslendingar settu vissulega fordæmalaus neyðarlög sem gerðu það að verkum að kröfuhafar fallinna banka, og tryggingafélög þeirra, töpuðu þúsundum milljarða króna. Með þeirri aðgerð var tryggt að einhvers konar eðlilegheit myndu haldast í íslensku samfélagi. Það hætti ekki að vera til eins og við þekktum það, sem var raunveruleg hætta á. En því fer fjarri að búið sé að leysa þau stóru vandamál sem Ísland stóð frammi fyrir við hrúnið. Þvert á móti hefur lausn þeirra flestra verið frestað.

Kostnaður við að endurreisa bankakerfið á Íslandi var til að mynda gríðarlega mikill. Ekkert ríki í heiminum, að Írlandi undanskildu, hefur varið hlutfallslega hærra hlutfalli af landsframleiðslu sinni í slíka endurreisn. Meðal annars vegna þessa borgar íslenska ríkið á níunda tug milljarða króna í vexti af erlendum lánum á ári. Það gera tæplega 250 milljónir króna á dag. Ekki hefur tekist að grynka á þessum skuldum. Það á að gerast seinna.

Í þjóðrembingsalsælu halda margir Íslendingar því fram að þeir hafi unnið það sem þeir kalla Icesave-stríðið við illa Evrópusambandið og meðlimi þess og að við þurfum ekki að borga þessa skuld. Þeirri sögu fylgir sjaldnast sá veruleiki að nýi Landsbankinn á enn eftir að greiða þrotabúi þess gamla nokkur hundruð milljarða króna í erlendum gjaldeyri sem bankinn á ekki til, sem rennur að mestu upp í Icesave-hítina. Þessar greiðslur eru ein helsta ógn við íslenskan fjármála-stöðugleika. Icesave var því ekki leyst, vandamálinu var frestað.

## Í svikalogninu sem ríkir virðist sem áhrifamenn hafi sætt sig við ömurlega sambúð með ónýtri krónu og höftum hennar.

Eftir að nýju bankarnir voru endurreistir og fjármagnaðir þurftu þeir að ráðast í það fordæmalaus verkefni að endurskipuleggja atvinnulíf þar sem tvö af hverjum þremur fyrirtækjum í landinu voru undir beinum eða óbeinum yfirráðum banka. Sú ákvörðun var tekin að skrifa niður sem minnst af skuldum fyrirtækjanna og vonast til að hagvöxtur myndi taka við sér og gera þeim kleift að greiða þær til baka. Það hefur vitaskuld ekki gerst og því er hætt við því að endurskipuleggja þurfi mörg fyrirtækjanna upp á nýtt. Vanda atvinnulífsins var því ýtt áfram um nokkur ár.

En stóra vandamálið sem við stöndum enn frammi fyrir er gjaldeyrishöftin. Það er ekki hægt að halda því fram að þjóð sem þarf að hafa slík höft hafi leyst efnahagsleg vandamál sín. Þau eru sem stendur ókleif girðing sem skerðir lífsgæði og samkeppnishæfni þjóðarinnar.

Þegar höftin voru upphaflega sett áttu þau að vera í gildi í nokkra mánuði. Þeir mánuðir urðu síðan að nokkrum árum og nú, tæpum fimm árum eftir að þau voru sett á, eru þau orðin ótímabundin og ómögulegt að sjá hvernig eigi að finna leið til að lyfta þeim. Það er nefnilega löng röð aðila sem vilja komast burt frá Íslandi með krónueignir sínar. Þessir aðilar – erlendir eigendur kvikra króna, erlendir kröfuhafar fallinna banka og íslenskir aðilar – eiga á bilinu 1.700 til 4.150 milljarða króna, eða eina til tvær landsframleiðslur. Íslendingar þurfa að eignast gjaldeyri til að leysa þessa aðila út til að geta afnumið höft. Lausn á þessum vanda er ekki í sjónmáli.

Höftin tengjast auðvitað ónýta gjaldmiðlinum okkar. Til að sýna fram á hversu ónýtur hann er má benda á að Íslendingar fá einungis um helming þeirra evra eða dala fyrir krónurnar sínar í dag sem þeir fengu sumarið 2007. Samt er enginn stjórnámalaumaður lengur að tala um gjaldmiðlamál. Í svikalogninu sem ríkir virðist sem áhrifamenn hafi sætt sig við ömurlega sambúð með ónýtri krónu og höftum hennar. Umræðunni hefur verið frestað fram að næsta hrúni.

Miðað við stöðuna í dag þarf ekkert endilega að vera langt í það.



**kjarninn**

Laugavegi 71, 101 Reykjavík  
Sími 551-0708

kjarninn@kjarninn.is  
www.kjarninn.is

Ritstjóri: Pórður Snær Júlíusson  
Framkvæmdastjórnar: Gísli Jóhann  
Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.  
gefa Kjarnann út.

# KORNUNGAR STÚLKUR MISNOTAÐAR

Óhugnanlegar lýsingar úr undirheimum  
á skipulögðu kynferðislegu ofbeldi gegn  
kornungum stúlkum

**I**nýlegri skýrslu Greiningardeildar Ríkislögreglustjóra um mat á skipulagðri glæpastarfsemi og hættu á hryðjuverkum hér á landi er kynferðisleg misnotkun á stúlkum sem leiðst hafa út í neyslu fíkniefna gerð að umfjöllunarefni. Er þetta í fyrsta skipti sem embættið sér ástæðu til að minnast sérstaklega á þessa skuggahlíð fíkniefnaneyslunnar í skýrslu Ríkislögreglustjóra, sem hefur komið út reglulega undanfarin ár.

Í umræddri skýrslu greiningardeildarinnar segir orðrétt: „Hér er að sönnu ekki um nýtt og áður óþekkt fyrirbrigði að ræða. Hins vegar benda heimildir greiningardeildar til þess að slík misnotkun sé algeng og viðtekin; menn sem hafa árum og jafnvel áratugum saman tengst íslenskum undirheimum fyllast viðbjóði er þeir lýsa þessum veruleika.“

Þessi setning í skýrslunni vakti athygli Kjarnans, sem fékk Ásgeir Karlsson, yfirmann greiningardeildarinnar, til að setjast niður og ræða áhyggjur Ríkislögreglustjóra af stöðu mála.

## Sóttu upplýsingar í undirheimanna

Í skýrslu Ríkislögreglustjóra er meðal annars fjallað um skipulagða glæpahópa á Íslandi, breytingar á íslenska fíkniefnamarkaðnum, mansal, vélhólagengi, vopnaburð og ofbeldi. Til að fá sem gleggsta mynd af stöðu mála í undirheimunum leitaði embættið til heimildarmanna sem þekka til á götunni og fékk frá þeim upplýsingar, margar hverjar sláandi. Starfsmönnum Ríkislögreglustjóra var umhugað um að upplýsingarnar væru sem áreiðanlegastar og ræddi einungis við einstaklinga sem voru álitnir trúverðugir. Einstaklinga sem hrærast í undirheimum Íslands.

„Í þessum samræðum komu fram miklar áhyggjur hjá einstaka mönnum af þessu viðbjóðslega kynferðislega ofbeldi sem á sér stað gagnvart kornungum stúlkum sem hafa leiðst út í neyslu fíkniefna,“ segir Ásgeir Karlsson, yfirmaður Greiningardeildar Ríkislögreglustjóra. „Ofbeldið á sér stað í fíkniefnapartíum, sem standa oft og tíðum dögum saman, og dæmi eru um að margir menn séu að niðast á sömu stúlkunni á sama tíma, sem getur enga björg sér veitt sökum vímu.“



### Ásgeir Karlsson

„Í svona neyslu þarf fólk ekkert að sofa, þannig að með tímanum verður til einhvers konar sturlunarástand. Fólk er svefnlaust og kolruglað af neyslu og þá virðist allt fara úr böndunum.“

Ásgeir segir stúlkurnar sem um ræðir vera á aldrinum fimmtán til sautján ára. Fíkniefnapartíin séu skipulögð af mönnum á þrítugs- og fertugsaldri. „Einn sem við töluðum við, sem hefur rætt við stúlkur sem hafa lent í svona hræðilegum aðstæðum, sagði okkur að stúlkurnar þökkuðu oft fyrir að hafa verið dópaðar á meðan ósköpin gengu yfir. Það gæti engin komist í gegnum svona lífsreynslu nema í þannig ástandi. Þegar allt er um garð gengið eru þessar stúlkur svo miður sín og niðurbrotnar að þær hvorki segja foreldrum sínum frá né tilkynna mál af þessu tagi til lögreglu. Svo hafa þessir menn vald yfir stúlkunum og útvega þeim efni og þær eru auðvitað lafhræddar við þá.“

### Stúlkurnar vita til hvers er ætlast af þeim

Tengslanet undirheimanna ræður mestu um það hvernig eldri menn komast í tæri við svo ungar stúlkur að sögn Ásgeirs. „Í þessum heimi eru kunningjahópar. Maður þekkir





Smellið hér til að nálgast  
skýrslu Greiningardeildar  
Ríkislögreglustjóra

mann, þessi maður er með efni í dag og þá er partí í gangi. Stúlkurnar eru byrjaðar að fíkta við fíkniefnaneyslu, finnst þetta spennandi, og þurfa oft og tíðum að greiða fyrir inngöngu í svona partí með kynlífi. Svo þegar þangað er inn komið getur nánast hver sem er misnotað þær að vild. Mörgum finnst þetta bara ekkert óeðlilegt. Menn séu búnir að halda stúlkunum uppi á fíkniefnum svo dögum skiptir og þær greiði fyrir fíkniefnin með þessum hætti. Þær viti vel hvernig þessum málum sé háttað og viti fullvel hvað þær geri.“

Fíkniefnapartíin sem um ræðir geta oft staðið dögum saman. „Í svona neyslu þarf fólk ekkert að sofa, þannig að með tímanum verður til einhvers konar sturlunarástand. Fólk er svefnlaust og kolruglað af neyslu og þá virðist allt fara úr böndunum,“ segir Ásgeir. „Oft eru svona partí haldin í sérbylum til að vekja ekki eins mikla athygli. Ég hef séð myndir úr svona partíum þar sem viðstaddir hafa tekið myndir af sér við meðhöndlun og neyslu fíkniefna.“

## Týndu stelpurnar

Reglulega birtast í fjölmiðlum tilkynningar frá lögreglu þar sem lýst er eftir unglingsstúlkum sem ekki hefur spurst til í nokkra daga. Oft á tíðum eru þarna á ferðinni stúlkur sem eiga við fíkniefnavanda að stríða. „Það læðist stundum að manni sá grunur að þetta séu stúlkur sem séu í slæmum félagsskap og sæti jafnvel misnotkun eins og heimildarmenn greiningardeildar hafa lýst,“ segir Ásgeir.

Ásgeir segir lögregluna lítið geta aðhafst. „Það er mjög erfitt að eiga við þetta. Fyrst og fremst er það foreldra og forráðamanna að fylgjast með barninu sínu og vera vakandi fyrir hættumerkjnum. Því miður er ástandið í sumum tilfellum mjög bágborið á heimilum þessara stúlkna og slíkt eftirlit því ekki til staðar,“ segir Ásgeir. „Ég er hins vegar ekki í nokkrum vafa um að í einhverjum tilfellum koma þessi mál upp á meðferðarstofnunum. Lögreglan verður að fá tilkynningar um þessa misnotkun frá foreldrum og meðferðarstofnunum ef hún á að geta aðhafst eitthvað í



### Lögreglan á höfuðborgar- svæðinu

Lögreglan hefur sterkar  
vísendingar um að  
kynferðislega misnotkun á  
ungum stúlkum megi rekja til  
skipulagðrar glæpastarfsemi  
í mörgum tilvikum.

Þessum málum. Með því að greina frá þessum upplýs-  
ingum greiningardeildar er það von mín að þær geti orðið  
ungum stúlkum til varnaðar, sem og að umræða skapist um  
þessi mál.“

### Full ástæða til að hafa áhyggjur af stöðunni

„Það er skelfilegt að vita af þessu og ekki síst að geta lítið  
gert til að sporna við þessu. Þessi mál koma ekki mikið inn á  
borð hjá lögreglu. Eins og fram kom hjá heimildarmönnum  
okkar vilja stúlkurnar sem lenda í þessum aðstæðum oft  
gleyma þeim eða að þær af skömm treysta sér ekki til að  
greina frá þessu. Á meðan lögreglu er ekki greint frá þessu  
getur hún lítið aðhafst,“ segir Ásgeir. Hann telur fíkniefna-  
partíin tengjast skipulagðri glæpastarfsemi.

„Erfitt er að segja til um hversu margir tengjast innbyrðis  
í gegnum fíkniefnasölu tengda skipulagðri glæpastarfsemi  
en þeir geta skipt tugum. Fíkniefnartí hafa verið þekkt í  
gegnum tíðina. Það hljóta allir að vera sammála um að þetta  
ofbeldi sem heimildarmenn okkar hafa lýst er algjörlega  
ólíðandi og mjög brýnt að tekið verði alvarlega á því ef rétt  
reynist.“





A collection of assault rifles, including AR-15 style rifles and M16-style rifles, are mounted on a perforated metal wall. The rifles are arranged in a row, with their barrels pointing upwards. The lighting is warm, highlighting the metallic textures of the weapons.

# Vildu byggja rifflaverksmiðju í Reykjanesbæ



## FJÁRFESTING

Pórður Snær Júlíusson  
thordur@kjarninn.is



Alls kyns erlendir aðilar hafa haft áhuga á að fjárfesta á Íslandi á undanförunum árum. Verkefni sem þeir hafa viljað koma á koppinn hafa verið margvísleg og mörg hver hreint út sagt ævintýraleg. Eitt slíkt var möguleg ríffla-verksmiðja sem erlendir aðilar höfðu áhuga á að setja upp í Reykjanesbæ. Þeir sendu erindi inn til Fjárfestingastofu, sem setti sig í samband við stjórnendur Reykjanesbæjar. Þeir voru neikvæðir í garð verkefnisins frá byrjun. Erindið fór samt sem áður inn til innanríkisráðuneytisins og það var beðið um að taka afstöðu til þess hvort lagaleg álitaefni kynnu að koma upp gagnvart íslenskum lögum í tengslum við framleiðslu á rífflum. Á þann fund, sem fór fram í ráðuneytinu í júlí síðastliðnum, komu fulltrúar frá Reykjanesnæ, Kadeco (Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar) og fjárfestingasviði Íslandsstofu.

Meginniðurstaða ráðuneytisins var sú að samkvæmt núgildandi vopnalögum væri óheimilt að framleiða sjálfvirka og hálf sjálfvirka ríffla hérlendis til útflutnings. Auk þess væri óheimilt að flytja inn hluti í sjálfvirka eða hálf sjálfvirka ríffla.

Vegna þess áhugaleysis sem allir aðilar máls sýndu rífflaframleiðslunni hafa áformin ekki farið neitt lengra. Enginn áhugi var einfaldlega á því að gerast aðilar að vopnaframleiðslu á Íslandi.

### Ekki klippt og skorið

Rífflaverksmiðjan er einungis eitt af mörgum fjárfestingarverkefnum sem hafa kannað möguleikann á því að setja upp starfsemi á Íslandi á undanförunum árum. Í viðtali við Kjarnann hinn 22. ágúst síðastliðinn sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra að fjölmörg slík hefðu sýnt vilja „til að fjárfesta hér á landi en verkefni hafa strandað á pólitískri óvissu um þróun skattkerfisins. Þessi áhugi á ekki að koma á óvart. Ísland hefur ýmislegt fram yfir önnur lönd. Fall krónunnar, þrátt fyrir alla sína galla, gerði Ísland mjög samkeppnishæft og ef við nýtum ekki það forskot sem það veitir okkur mun okkur ekki takast að bæta kjör landsmanna að nýju“.



Kjarninn ræddi við ýmsa sem starfa annaðhvort beint við að laða að erlenda fjárfestingu eða með fjárfestum sem hafa sýnt áhuga á að koma til Íslands. Þeir segja að málið sé ekki jafn klippt og skorið og forsætisráðherra vill meina.

## Ástæðurnar mýmargar

Fjárfestingavaktin er heiti á starfshópi sem skipaður var í febrúar 2012. Hann skilaði í maí síðastliðnum af sér tillögum til Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um úrbætur á samkeppnishæfni Íslands varðandi beina erlenda fjárfestingu og eflingu markaðs- og kynningarstarfs í því skyni. Þar var meðal annars fjallað um ástæður þess að fulltrúar fjárfestingarverkefna sem ákváðu að koma ekki til Íslands tóku þær ákvarðanir.

Samkvæmt skýrslu Fjárfestingavaktarinnar snúa þær ástæður bæði að aðstæðum eða umhverfi hér á landi og samanburði við það sem aðrar þjóðir eru að bjóða til að lokka fjárfestingu til sín: „Veigamestu ástæður sem erlendir fjárfestar í orkuháðum iðnaði hafa gefið snúa að því að ekki hafi tekist að eyða nægilega óvissu um stóra áhættuþætti á borð við hvenær framleiðsla getur hafist. Tímasetningar og áætlanir sem standast eru lykilatriði fyrir mörg verkefni. Þar hefur einkum tvennt verið hindrun. Í fyrsta lagi að fyrirtæki hafa ekki getað fengið staðfestingu á því hve langan tíma umhverfismatsferlið muni taka að hámarki. Í öðru lagi hafa orkufyrirtækin ekki getað skuldbundið sig til að afhenda tiltekið magn orku á ákveðnum tíma. Langvarandi óvissa um framvindu áður umsaminna orkuháðra verkefna er meðal ástæðna fyrir því að orkufyrirtæki treystu sér ekki til að svara til um orkuafhendingu til nýrra verkefna.“

Ef síðari ástæðan, langvarandi óvissa um framvindu áður umsaminna orkuháðra verkefna, er þýdd á mannamál þarf að leysa úr vandamálum tengdum framkvæmdum í Helguvík áður en hægt er að eyða þeirri óvissu.

Langflestar fyrirspurnir sem berast um fjárfestingu á Íslandi eru orkutengdar. Tvö orkufyrirtæki, HS Orka og Orkuveita Reykjavíkur, hafa skuldbundið sig til að sjá



### Álsamningar fyrirstaða

Langflestar fyrirspurnir sem berast um fjárfestingu á Íslandi eru orkutengdar. Á meðan er orkan sem átti að renna til Helguvíkur í herkví og aðrir áhugasamir kaupendur geta ekki keypt hana.

MYND/AFP

álveri í Helguvík fyrir orku. Norðurál, sem er í eigu Century Aluminum, hefur reist húsgrind fyrir álver á svæðinu en enn hefur ekki tekist að ná saman um verð á orkunni sem þarf til að geta hafið starfsemi. Orkufyrirtækin neita eðlilega að klára slíkar samningaviðræður nema þau hafi arðsemi af verkefninu. Þar sem ekki hefur tekist að semja um málið verður að teljast líklegt að það markmið hafi ekki náðst enn sem komið er. Á meðan er orkan sem átti að renna til Helguvíkur í herkví og aðrir áhugasamir kaupendur geta ekki keypt hana.

### Ýmiss konar verkefni

Í skýrslunni er einnig talið til að annar stór áhættuþáttur sé kostnaðurinn við að byggja upp og reka starfsemi héraendis. „Í mörgum tilfellum er bæði byggingarkostnaður og almennur rekstrarkostnaður hærri hér á landi, til dæmis vegna fjarlægðar frá mörkuðum fyrir aðföng og afurðir. Hagstæðir fyrirtækjaskattar hér á landi, reglur um afskriftir og ívilnanir í boði vinna á móti þessum áhættuþætti. Fjárfestar í orkuháðum iðnaði hafa margir væntingar um að samkeppnishæft orkuverð loki svo gatinu að fullu en það er ekki alltaf raunin.“

Síðan eru taldar upp ýmsar tegundir af fjárfestingar



## FALLEINKUNN HJÁ WORLD ECONOMIC FORUM

Í gær var birt ný skýrsla World Economic Forum um samkeppnishæfni þjóða. Þar er meðal annars fjallað um erlenda fjárfestingu í atvinnulífi þjóða. Íslenskt fjárfestingarregluverk lendir þar í 144. sæti af 148 þjóðum. Þær þjóðir sem eru með verra regluverk eru Angóla, Simbabwe, Argentína og Venesúela. Í sætunum fyrir ofan Ísland eru Kúveit,

Slóvenía og Grikkland.

Danir standa sig næst verst Norðurlanda í þessum flokki og eru í 69. Sæti. Norðmenn eru í 56. sæti, Finnar í 32. sæti og Svíar eru í 29. sæti. Þau lönd þar sem regluverkið þvælist minnst fyrir erlendri fjárfestingu eru Írland, Singapore, Hong Kong og Lúxemborg.



Smelltu til að skoða skýrslu World Economic Forum um samkeppnishæfni þjóða

verkefnum sem hafa skoðað að koma sér fyrir á Íslandi. Sagt er frá orkuháðri hátæknivinnslu sem hætti við verkefni vegna lítillar eftirspurnar á Evrópumarkaði og ónýttrar afkastagetu innan samsteypunnar sem fóstroði verkefnið. Sagt er frá aðila sem bauðst til að taka yfir verk-smiðju gjaldþrota keppinautar eftir að búið var að undirrita fjárfestingarsamning vegna uppbyggingar hérlandis og öll leyfi lágu fyrir. Sagt er frá fyrirtæki „á sviði áframvinnslu á áli“ sem hafði kannað möguleikann á hráefniskaupum frá þeim álfyrirtækjum sem þegar eru hér á landi, án þess að þær þreifingar hafi skilað árangri. Í skýrslunni er einnig sagt frá því að „fulltrúar leiðandi alþjóðlegs fyrirtækis [urðu] vitni að því á fundi með íslenskum sveitarstjórnarmönnum að viðkomandi sveitarstjórn greindi á um það innbyrðis hvort uppbygging af þessu tagi væri æskileg á viðkomandi svæði. Í kjölfarið dró mjög úr áhuga þeirra á uppbyggingu hér á landi“.

Þá er sagt frá því að nokkur stór og virt fyrirtæki á sviði efnaiðnaðar hafi kannað Ísland sem fjárfestingarkost. „Niðurstöður þeirra eru að aðstæður hér séu um margt góðar og m.a. hægt að ná spennandi samlegðaráhrifum og samnýtingu orku- og efnastreuma frá jarðvarmaverum. Horfur á alþjóðlegum mörkuðum hafa haft áhrif á framgang verkefna auk þess sem ekki hefur verið komið til móts við væntingar um orkuverð.“

Aðilar sem vilja framleiða smábörunga hafa líka lýst yfir vaxandi áhuga á að ráðast í framleiðslu á Íslandi, ekki síst vegna aðgangi að jarðvarma, koltvísýringi og orku. Í skýrslunni segir að „leiðandi fyrirtæki á þessu sviði kannaði

Ísland ítarlega sem staðsetningu en valdi svo að byggja í Bandaríkjunum, fyrst og fremst út af hagstæðu orkuverði sem þar stóð til boða en einnig öðrum ívildunum og opinberum stuðningi þar sem mikill áhugi er á að byggja upp nýjan og umhverfisvænan iðnað. Aðstæður hér á landi þykja þó mjög heppilegar og samkeppnishæfar“.

Sagt er frá því að samkeppni um hátækni iðnað á borð við gagnaver fari harðnandi á milli landa. Greiningar á samkeppnishæfni, sem öll helstu ráðgjafarfyrirtæki á þessu sviði í heiminum hafa gert, sýna að kostnaðarlega er Ísland mjög aðlandi kostur. „Þar kemur til aðgengi að grænni orku á samkeppnishæfu verði og loftkæling eða vatnskæling án verulegra fjárfestinga sökum kjöraðstæðna hér á landi á þessu sviði.“



Smelttu til að skoða  
skýrslu Fjárfestinga-  
vaktarinnar

## Hrunið og eldgosíð stærstu hindranirnar

En helstu ástæður á minni áhuga á erlendri fjárfestingu á Íslandi, samkvæmt úttekt Fjárfestingastofu, eru engin geimvísindi: hrun fjármálakerfisins og síðar eldgos í Eyjafjallajökli með þeim tilheyrandi samgöngutruflunum sem fylgdu. Þessir tveir atburðir ollu miklu bakslagi í áhuga alþjóðlegra fyrirtækja á Íslandi. Óvissa um áhrif íslenskrar löggjafar á virðisaukaskatt á viðskiptalíkan stórra hýsingaraðila, þröngar skilgreiningar á ákvæðum um fastar starfsstöðvar, áhyggjur af innviðum á borð við gagnaflutninga um sæstrengi og hátt verð á slíkum flutningi hafa líka stöðvað frekari skoðun verkefna. Í skýrslunni segir síðan að lokum að þess megi geta að „risavaxin og afar eftirsótt verkefni hafa farið til Finnlands og Svíþjóðar á grundvelli boða um hreina orku á samkeppnishæfu verði, beina fjárfestingarstyrki stjórnvalda sem námu milljörðum íslenskra króna og skuldbindinga þarlendra stjórnvalda um að tryggja framtíðaruppbyggingu ljósleiðarkerfisins inn á aðal dreifileiðir til Asíu og Austur-Evrópu“.

Margt virðist því hafa spilað inn annað en pólitísk óvissa um þróun íslensks skattkerfis, eins og forsætisráðherra hélt fram, þegar þessir erlendu aðilar hættu við að fjárfesta á Íslandi.




# Alltaf að læra



## Stúdentakortið og Íslandsbanka Appið er allt sem þarf

Námsmenn fá góða þjónustu hjá Íslandsbanka og fullt af frábærum tilboðum með Stúdentakortinu. Ef þú skráir þig líka í Vildarklúbb Íslandsbanka opnast enn fleiri möguleikar og þú safnar punktum sem hægt er að breyta í t.d. peninga eða Vildarpunkta Icelandair.

Skoða tilboð



Við bjóðum  
góða þjónustu

  
Íslandsbanki

## Undir pressu

Josef Ackerman er undir mikilli pressu eftir sjálfsvíg fjármálastjóra Zurich Insurance Group, þar sem hann var forstjóri.  
MYND/AFP



# Sjálfsvíg setur pressu á Ackerman

SVISS

Magnús Halldórsson  
[magnush@kjarninn.is](mailto:magnush@kjarninn.is)

**P**ierre Wauthier, fjármálastjóri eins stærsta tryggingafyrirtækis Evrópu, Zurich Insurance Group (ZIG), fyrirfór sér á föstudaginn í síðustu viku. Hann skildi eftir bréf sem hefur skapað mikla pressu á einn reyndasta og virtasta stjórnanda í fjármálageira heimsins, Josef Ackerman. Hann var um árabíl forstjóri og stjórnarformaður þýska risabankans





Deutsche Bank, þar til hann tók við sem forstjóri ZIG árið 2009. Hann átti þó áfram sæti í stjórn bankans fram í maí 2012.

## Rannsókn farin af stað

Á fundi með fjárfestum tilkynnti starfandi stjórnarformaður ZIG, Tom de Swaan, að bréfið hefði fundist. Í því hefði Wauthier tjáð sig um samskipti sín við Ackerman með neikvæðum hætti og lýst atburðarás sem de Swaan sagði að væri ekki hægt að fara nánar út í, samkvæmt frásögn Wall Street Journal (WSJ). Hann tilkynnti enn fremur að rannsókn myndi fara fram á þeim atriðum sem þyrfti að rannsaka. „Ég vil að það komi alveg skýrt fram að stjórn ZIG tekur hegðun starfsmanna og fyrirtækjamenningu þess mjög alvarlega [...] Við munum kanna hvort það hafi verið óeðlilega mikið álag á fjármálastjóranum, og þá vegna hvers,“ sagði de Swaan, samkvæmt frásögn WSJ.

## Tengist framsetningu á gögnum

Ackerman tilkynnti þá ákvörðun sína að hætta sem forstjóri og stjórnarformaður eftir að sjálfsvíg Wauthiers kom upp. Hann sagðist hafa heyrt af því að fjölskylda fjármálastjórans fyrirverandi væri reið út í hann og að í bréfi sem hann hefði skilið eftir væru samskipti við hann nefnd sem ástæða fyrir því hvernig hefði farið. Hann sagðist gera þetta af virðingu við fjölskyldu og vini Wauthiers. Að öðru leyti tjáði hann sig ekki um samskipti sín við hinn látna eða togstreitu í samstarfinu.

Samkvæmt frásögnum WSJ fjallaði Wauthier um það í sjálfsvígsbréfi sínu að Ackerman hefði sett hann undir mikla pressu með margvíslegum hætti, meðal annars þegar kæmi að því að setja fram gögn um rekstur ZIG þannig að Ackerman liti sem best út. Sérstaklega er þó tekið fram að ekki hafi verið um lögbrot að ræða, heldur verið verið uppi ágreiningur milli þeirra tveggja, Wauthiers og Ackermans, um hvernig best væri að setja hlutina fram.

## FERILL JOSEF ACKERMAN:

- Fæddur í Sviss 1948
- Byrjar feril sinn 1977 hjá Schweizerische Kreditanstalt - Hann vann við nær öll stjórnunarstörf innan bankans sem hægt var að gegna. Árið 1993 var hann skipaður forseti framkvæmastjórnar bankans og gegndi því fram að því að hann hætti.
- Árið 1996 réð hann sig til Deutsche Bank. Hann tók við stjórnartaumnum sem framkvæmdastjóri fjárfestingabankasviðs bankans en varð árið 2002 stjórnarformaður og forseti framkvæmdastjórnar (forstjóri) bankans frá árinu 2006.
- Hann hætti störfum sem forstjóri 2009 en var stjórnarformaður fram í maí 2012.
- Ackerman situr meðal annars í stjórn Siemens og Shell, auk þess að eiga sæti í ráðgjafaráðum fjölmargra annarra fyrirtækja.
- Samanlögð laun hans á árinu 2011 námu 6,6 milljónum Bandaríkjadala, eða sem nemur tæplega 800 milljónum króna.



Smelltu til að lesa um  
Zurich Insurance Group

### Hafa ekki náð markmiðum

Stjórnendur tryggingarisans ZIG hafa verið undir miklu álagi undanfarin misseri vegna þess hve náttúruhamfarir í heiminum hafa leikið fjárhaginn grátt. Stór hluti af starfsemi ZIG er tryggingar fyrir önnur smærri tryggingafyrirtæki. Þegar mikið tjón verður lendir það á fyrirtækjum eins og ZIG og sú hefur verið raunin að undanförunu, einkum þegar kemur að jarðskjálftum og flóðum í Asíu. Tjónið sem lendir á ZIG vegna þessa hefur ekki verið gefið upp í smáatriðum en talið er líklegt að það hlaupi á milljörðum evra. Að auki hefur stofnreksturinn með tryggingar verið að gefa eftir og markmiðin sem Ackerman hafði sett undirmönnum sínum hafa ekki gengið eftir. Ágreiningurinn milli hans og fjármálastjórans var ekki síst tilkominn vegna þess að grunnreksturinn var að versna og Ackerman taldi að ZIG mætti ekki sýna keppinautum of mikið á spilin, samkvæmt frásögn WSJ.

### Hátt fall

Hinn 65 ára gamli Ackerman er oft sagður vera einn valdamesti maður í Evrópu vegna tengsla sinna í fjármála-geiranum. Hann var kallaður á teppið hjá ráðherrum og seðlabönkum þegar mest gekk á haustið 2008 og var innviklaður í mikilvægar ákvarðanir. Hann var þá forstjóri og stjórnarformaður Deutsche Bank. Árin á undan lánaði bankinn ótæpilega í allar áttir, meðal annars til Íslands.



Smelltu til að lesa um  
Josef Ackerman

Samanlögð lán bankans til íslenskra fyrirtækja námu nálægt tvöfaldri árlegri landsframleiðslu Íslands á árunum fyrir hrun, um þrjú þúsund milljörðum króna. Bankinn er einn stærsti lánveitandi íslenskra fyrirtækja og er meðal stórra kröfuhafa í þrotabú föllnu bankanna.

## Breytti Deutsche Bank

Ackerman er oft sagður eiga mesta heiðurinn að því að Deutsche Bank er í dag álitinn einn traustasti banki heimsins, að því leyti sem hægt er að tala um trausta banka í því árferði sem ríkt hefur á fjármálamörkuðum undanfarin ár. Frá árinu 1996 og fram að því að hann yfirgaf bankann árið 2009 margfaldaðist efnahagsreikningur Deutsche Bank og starfsemi hans gjörbreyttist einnig með miklum umsvifum á sviði fjárfestingarbankastarfsemi. Ekki aðeins á heimasvæði hans í Þýskalandi og Evrópu, heldur ekki síður í Asíu og Bandaríkjunum.

Alls óvíst er hvenær rannsókninni á því hvað leiddi til sjálfsvígs Pierre Wauthier lýkur en stjórn ZIG hefur sagt að reynt verði að flýta rannsókninni eins og mögulegt er.





Umboðsmaður  
skuldara

# Fjórða hvert mál enn í vinnslu

Vinsamlegast framvisið  
persónuskilríkjum



**E**mbætti umboðsmanns skuldara var sett á fót til að bæta stöðu einstaklinga sem áttu í skulda- eða greiðsluerfiðleikum eftir efnahagshrunið 2008. Það tók til starfa í ágúst 2010 og tilgangurinn átti að vera að koma greiðslubyrði og/eða skulda-stöðu þessa fólks í viðunandi horf. Nú, þremur árum eftir að embættið tók til starfa, hafa 4.783 greiðsluaðlögunarmál ratað inn á borð umboðsmanns skuldara. Af þeim eru 1.280 enn í vinnslu hjá embættinu eða þeim umsjónarmönnum sem skipaðir voru yfir greiðsluaðlögun viðkomandi. Það þýðir að rúmlega fjórðungur þeirra mála sem ratað hafa í þennan farveg er enn í vinnslu.

### **Flókið og tímafrekt**

Það getur verið bæði flókið og tímafrekt fyrir einstaklinga að sækja um greiðsluaðlögun. Samkvæmt upplýsingum frá embættinu er biðtími frá því að einstaklingur sækir um og þar til umsókn hans hefur verið samþykkt eða henni synjað að meðaltali sex mánuðir. Kjarninn hefur rætt við einstaklinga sem hafa beðið allt meira en ár eftir að umsókn þeirra verði samþykkt eða henni synjað. Þessi fasi er hins vegar einungis fyrri hluti biðtímans.

Þeim sem er synjað um greiðsluaðlögun geta kært þá synjun til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála, sem heyrir undir velferðarráðuneytið. Alls hafa 404 kærur borist þeirri kærunefnd á síðustu þremur árum. Þær eru annars vegar vegna þess að einstaklingum hefur verið synjað um heimild til greiðsluaðlögunar – tæplega 300 eru vegna þessa – og hins vegar vegna niðurfellingar á heimild til hennar eftir að greiðsluaðlögun hafði upphaflega verið samþykkt.

### **Langur afgreiðslutími**

Þrátt fyrir að umsjón hafi verið samþykkt á enn eftir að klára greiðsluaðlögunarferlið með samningum við kröfuhafa, sem eru íslenskar fjármálastofnanir. Þá er viðkomandi skipaður umsjónarmaður, honum að kostnaðarlausu, sem auglýsir eftir kröfum á hann í Lögbirtingablaðinu. Það ferli



Smelltu til að skoða lög um  
umboðsmann skuldara

tekur fjórar vikur eftir fyrstu auglýsingu. Í kjölfarið gerir umsjónarmaðurinn drög að samningi og sendir á kröfuhafana, sem hafa þrjár vikur til að samþykkja eða hafna honum.

Ef samningnum er hafnað er hægt að óska eftir því að umsjónarmaður leiti nauðasamnings til greiðsluaðlögunar sem er síðan lagður fyrir dómara til ákvörðunar. Ef ekki er grundvöllur fyrir slíkum nauðasamningi er hægt að kæra þá niðurstöðu til kærunefndar greiðsluaðlögunarmála, eins og rakið er hér að ofan. Slíkri kæru þarf að skila innan tveggja vikna og getur málsmeðferð hennar verið mjög misjöfn. Kærunefndin getur afgreitt þær á nokkrum vikum en í sumum tilfellum hefur málsmeðferðin tekið hátt í tvö ár.

## Synjað af mismunandi ástæðum

Ýmsar ástæður er fyrir því að einstaklingum er synjað um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara. Samkvæmt upplýsingum frá embættinu eru um tíu prósent synjana vegna þess að fyrirbyggjandi gögn sýna ekki fram á að skuldari uppfylli skilyrði laga um að leita eftir greiðsluaðlögun. Um 35 prósent synjana eru vegna þess að þau gögn sem skilað er inn „gefa ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldara eða væntanlegri þróun fjárhags hans á tímabili greiðsluaðlögunar“.

Um 15 prósent synjana eru vegna þess að stofnað hafi verið til skuldanna sem undir eru á tíma þar sem „skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar“. Um 22 prósent synjana eru vegna þess að skuldarinn hafi „hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans“ á þeim tíma sem hann stofnaði til skuldanna. Að lokum eru um 28 prósent synjana vegna þess að skuldari hafi bakað sér „skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu“. Aðra liði í lögum um greiðsluaðlögun hefur verið stuðst við í innan við fimm prósent tilvika.

Glöggir lesendur taka eftir því að heildarhlutfallstala

## RUNÓLFUR ÁTTI AÐ VERA UMBOÐSMAÐUR SKULDARA

Umboðsmaður skuldara er Ásta Sigrún Helgadóttir lögfræðingur. Hún átti þó ekki að fá starfið til að byrja með, þrátt fyrir að hafa sóst eftir því. Sá sem var fyrst ráðinn til að gegna því, sumarið 2010, var Runólfur Ágústsson, sem áður hafði meðal annars verið rektor háskólans á Bifröst. Ásta hafði hins vegar stýrt Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna frá árinu 2003, en embætti umboðsmanns skuldara byggir á grunni þeirrar starfsemi. Runólfur var metinn hæfari en Ásta Sigrún í hæfnismati sem framkvæmt var vegna ráðningarinnar. Samkvæmt hæfnismati Ástu Sigrúnar var það meðal annars talið henni til vansa hversu mörg mál lágu ókláruð hjá Ráðgjafarstofunni þegar embætti umboðsmanns skuldara var stofnað, en þau voru nálægt 850 talsins.

Runólfur sagði embætti sínu hins vegar lausu á fyrsta starfsdegi sínum sem umboðsmaður skuldara. Ástæðan var, samkvæmt uppsagnarbréfi hans, að hann naut ekki lengur trausts Árna Páls Árnasonar, þáverandi félagsmálaráðherra. Ástæða þess var fréttaflutningur fjölmiðla af því að félag í eigu Runólfs hefðu fengið hundraða milljóna króna skuldaniðurfellingar. Í bréfi sem Árni Páll sendi



Árni Páll Árnason

Runólfi þegar þær upplýsingar komu fram segir meðal annars að „á umboðsmanni skuldara hvílir sú ábyrgð að semja fyrir hönd fólks við kröfuhafa. Þeir samningar eru háðir því að skuldari hafi öll sín mál uppi á borði og afskriftir eiga að miða við að greiðslugeta skuldara sé fullnýtt. Að mati ráðuneytisins er það grundvallarsjónarmið að umboðsmaður eða fyrirtæki á hans vegum hafi ekki fengið önnur lánskjör eða kjör við úrlausn skuldavanda síns en almennt standa til boða“.

synjana er yfir 100 prósentum. Ástæðan er sú að oft er synjað á grundvelli nokkurra liða.

Margir virðast halda að umboðsmaður skuldara sé tímabundin stofnun sem sett hafi verið á fót til að takast á við afleiðingar hrunsins. Svo er ekki, enda gera hvorki lög um greiðsluáðlögun einstaklinga né lög um stofnunina sjálfa ráð fyrir því að þau taki enda. Úrræðið á að vera í boði fyrir fólk í skulda- eða greiðsluvanda til frambúðar og nýjar umsóknir berast inn til stofnunarinnar daglega.

### Milljarðakostnaður

Embætti umboðsmanns skuldara er kostnaðarsöm eining. Í fyrrakostaði rekstur þess 1.148 milljónir króna. Það var um hundrað milljónum krónum meira en fjárheimild þess á



Smelltu til að lesa um  
greiðsluaðlögun einstaklinga

fjárlögum og því fór UMS um 9,5 prósent fram úr fjárlögum. Fjárútlát til embættisins í fyrra voru 335 milljónum krónum meiri en árið áður, þegar þau námu 812,7 milljónum króna.

Á árinu 2010 var kostnaður vegna embættisins 292 milljónir króna, sem var 28 milljónum króna undir fjárheimildum. Vert er að taka fram að það ár starfaði umboðsmaður skuldara einungis í fjóra mánuði. Gert er ráð fyrir því að almennur rekstur embættisins muni kosta 945 milljónir króna í ár, samkvæmt fjárlögum.

Starfsemin er fjármögnuð með sérstöku gjaldi sem lagt er á lánastofnanir og sem rennur beint til umboðsmanns skuldara. Þeir aðilar sem greiða þetta gjald eru bankar, lífeyrissjóðir og Íbúðalánasjóður. Þannig lendir hluti af kostnaði vegna umboðsmanns skuldara óbeint á skattgreiðendum. Íbúðalánasjóður, sem er í eigu ríkisins, greiddi til að mynda tæplega 450 milljónir króna til embættisins á árunum 2011 og 2012.





# MÁLID



SKJÁREINN

Sýningar hefjast  
10. sept. kl. 21.30



VERTU MEÐ Í  
UMRÆÐUNNI

**4.990 kr.**

skjarinn.is

**Kaupauki fylgir!**

Fríar kvikmyndir og erlendar  
stöðvar í hverjum mánuði!\*

\*Gildir til 1. jan. 2014

**DV**

# Bankar með fulla vasa fjár

## EFNAHAGSMÁL

Magnús Halldórsson  
magnush@kjarninn.is

Samanlagðar eignir stóru bankanna þriggja, Landsbankans, Arion banka og Íslandsbanka, nema nú 2.878 milljörðum króna. Til samanburðar nam verg landsframleiðsla Íslands á síðsta ári um 1.700 milljörðum. Efnahagur hinna endurreistu banka er því um 1,7 sinnum stærri en sem nemur árlegri landsframleiðslu Íslands. Óhætt er að segja að það sé samt aðeins lítiill hluti af því sem það var áður en kerfið hrundi haustið 2008, en þá nam samanlagður efnahagur Kaupþings, Landsbankans og Glitnis, samkvæmt birtum ársreikningum, um tífdri árlegri landsframleiðslu.

### Fé safnast upp

Eigið fé bankanna er nú samtals 522,3 milljarðar króna og er meðaltals eiginfjárlutfall um 26 prósent. Það telst mikið í alþjóðlegum samanburði og stafar meðal annars af því að bankarnir hafa engan arð greitt frá hruni þannig að féð hefur safnast upp hjá þeim. Lágmarkseiginfjárlutfall samkvæmt lögum er átta prósent en Fjármálaeftirlitið gerir kröfu um 16 prósent hlutfall. Hér má sjá grafíska framsetningu á efnahag bankanna.

Eignir bankanna  
2.878 milljarðar króna


Landsframleiðsla 2012  
1.700 milljarðar króna



Íslandsbanki

N=

Heildareignir  
823 milljarðar



sem hlutfall af heildareignum bankanna þriggja



Eigið fé

155,5  
milljarðar




Hagnaður á fyrri hluta ársins 2013  
6,6 milljarðar

Stöðugildi




1.085

Arðsemi eiginfjár




Eiginfjárlutfall



N=

Heildareignir  
1.126 milljarðar




sem hlutfall af heildareignum bankanna þriggja



Eigið fé

230  
milljarðar




Hagnaður á fyrri hluta ársins 2013  
15,5 milljarðar

Stöðugildi




1.165

Arðsemi eiginfjár




Eiginfjárlutfall



Arion banki

N=

Heildareignir  
929 milljarðar



sem hlutfall af heildareignum bankanna þriggja



Eigið fé

136,8  
milljarðar




Hagnaður á fyrri hluta ársins 2013  
5,9 milljarðar

Stöðugildi




1.153

Arðsemi eiginfjár



Eiginfjárlutfall



Smelltu til að sjá uppgjörstilkynningu Íslandsbanka



Smelltu til að sjá uppgjörstilkynningu Landsbankans



Smelltu til að sjá uppgjörstilkynningu Arion banka

# BALE Á SVIÐIÐ



## ÍPRÓTTIR

Magnús Halldórsson  
magnush@kjarninn.is



Smelltu til að sjá hversu mikið Gareth Bale hefur þénað síðan hann skrifaði undir hjá Real Madrid

**A**ndrúmsloftið á San Siro-leikvanginum í Mílanó hinn 20. október 2010 var rafmagnað þegar Tottenham Hotspur mætti heima-mönnum í Internazionale. Herra Inter, eins og fyrirliðinn argentíski Javier Zanetti er jafnan kallaður, var á sínum stað í hægri bakvarðarstöðunni og átti að hafa gætur á Gareth Bale, Walesverjanum í liði Spurs. Eftir að flautað hafði verið til leiks varð fljótt ljóst að þetta var leikurinn þar sem Bale sýndi knattspyrnuheiminum hvað í hann er spunnið. Hann var óstöðvandi í leik Spurs og lék sér hvað eftir annað að Zanetti með því að taka sprettinn framhjá honum og skjóta að marki eða senda boltann fyrir. Þegar flautað var til leiksloka hafði heimamönnum tekist að skora fjórum sinnum en Bale þrisvar. Hann fékk ekki mikla hjálp frá liðsfélögum sínum. En augu allra voru nú á Bale. Getur þessi strákur orðið sá besti? spurðu íþróttafréttamenn víða um heim. Zanetti er ekki þekktur fyrir að láta leikmenn gera lítið úr sér inni á vellinum, með því einfaldlega að hafa hann undir í nær öllum atriðum leiksins, en þannig var það í þetta skiptið. Hann einfaldlega réð ekkert við Bale.

### Hann gerði það aftur

Það sama var upp á teningnum á White Hart Lane tveimur vikum síðar, nema hvað þá var Brasilíumaðurinn Maicon fórnarlambið, þó að Zanetti hafi reynt að hjálpa til. Bale hljóp framhjá Maicon eins og keilu nær allan leikinn og lagði upp tvö mörk í leiknum, bæði eftir ríflega 60 metra sprett upp vinstri kantinn.

Þessir leikir gegn Inter, sem var með ógnarsterkan mannskap á þessum tíma, komu Bale á kortið sem ofurstjörnu. Hann hafði eiginleika sem höfðu ekki sést lengi hjá leikmanni frá Bretlandseyjum. Helst var það landi Bales, Ryan Giggs, sem hafði framkallað viðlíka viðbrögð með sprettum sínum upp vinstri kantinn sem hófust árið 1991 þegar hann spilaði sinn fyrsta leik fyrir Manchester United (hann er enn að, 22 árum síðar!).

## Varnarmaðurinn Bale

Lengi vel var fyrst og fremst litið á Bale sem efnilegan vinstri bakvörð, varnarmann. Hjá Southampton, þar sem hann lék sína fyrstu leiki með aðalliði í atvinnumennsku, var hann í hlutverki varnarmanns fyrst og fremst. Sóknareiginleikar hans tvíefldust með meiri líkamsstyrk og sjálfstrausti. Með landsliði Wales, þar sem hann spilaði sinn fyrsta leik sautján ára gamall, blómstraði hann sem sóknðjarfur miðjumaður fremur en bakvörður. Eftir fyrsta leik hans var Ryan Giggs fljótur að hrósa honum í hástert. „Bale hefur alla burði til þess að verða einn af þeim bestu.“ Þetta þóttu stór orð fyrir óreyndan ungling sem var að stíga sín fyrstu spor. En þetta reyndist rétt hjá Giggs.

## Magnaður íþróttamaður

Á skólaárum sínum í Cardiff í Wales sýndi Bale að hann hafði sérstaka hæfileika þegar kom að hlaupum. Hann var ekki bara fljótur heldur þótti hann einnig með efnilegustu millivegalengdahlápurum Bretlands. Þegar hann var nemandi í Whitchurch High School var hann fljótastur allra í 100 metra hlaupi. Besti tími hans þá var 11,4 sekúndur, án þess þó að hann væri sérstaklega að æfa frjálssar íþróttir af fullum krafti. Bestu greinar hans voru 400, 800 og 1.500 metra hlaup. Á skólamótum í Wales vann hann oftast en ekki í öllum þessum greinum. Hann á enn skólameitið í 1.500 metra hlaupi í Wales, 4 mínútur og átta sekúndur, sem telst vera mjög góður tími fyrir unglingspilt.

Fljótlega varð ljóst að fótbolti átti hug Bales. Það var ekki síst að þakka frænda hans, Chris Pike, fyrrverandi leikmanni Cardiff City. Hann hvatti Bale áfram, kenndi honum undirstöðuatriði leiksins og hjálpaði honum að komast að hjá Southampton. Þar var hann undir handleiðslu Huw Jennings, sem nú er yfirþjálfari hjá unglingsaliðum Fulham. Bale átti í erfiðleikum á unglingsaldri vegna vaxtarverkja og héldu þrálát bakmeiðsli honum lengi vel frá æfingum og keppni. „Um tíma hélt ég að Bale myndi ekki takast að verða sá leikmaður sem hann síðar varð, vegna meiðslanna. En það hefur



Smelltu til að sjá Gareth Bale gegn Inter á White Hart Lane 2. nóvember 2010

verið stórkostlegt að fylgjast með honum þróa leik sinn og eflast," sagði Jennings. Bale deildi herbergi hjá Southampton með öðrum efnilegum leikmanni, Theo Walcott. Þeir voru afar samrýndir og metnaðarfullir hjá Southampton og fóru að lokum báðir til London; Bale til Tottenham en Walcott til Arsenal. Bale tók stórstígum framförum hjá Tottenham og varð á skömmum tíma að lykilleikmanni. Honum var treyst og hann stóðst álagið sem fylgdi lífinu í ensku úrvalsdeildinni. Meiðsli settu þó strik í reikninginn á fyrstu þremur tímabilunum, frá 2007 til 2010. Samtals spilaði hann 47 deildarleiki á þessum árum, skoraði fimm mörk og lagði upp fimm fyrir félagi sína. Eftir að hafa náð sér af meiðslunum byrjaði hann að sýna allar sínar bestu hliðar. Tímabilið 2010/2011 lék hann 30 deildarleiki, skoraði sjö mörk og lagði upp eitt. Tímabilið á eftir gerði hann enn betur; lék 36 leiki,



Smelltu til að sjá Gareth Bale gegn Inter á San Siro 2. október 2010



Smelltu til að sjá Gareth Bale lýsa kvöldinu í Milánó

skoraði níu mörk og lagði upp níu. Síðastliðið tímabil var síðan hans allra besta. Þá spilaði Bale 33 deildarleiki, skoraði 21 mark og lagði upp fjögur. Samtals skoraði hann 31 mark í öllum keppnum og var algjör yfirburðamaður í sterku liði Tottenham.

## Zidane hreifst af honum

Galdramaðurinn frá Alsír, eins og Zinedine Zidane var oft kallaður, lét magnaða frammistöðu Bales ekki framhjá sér fara. Zidane, sem gerði garðinn frægan með franska landsliðinu, þrátt fyrir að eiga fjölskyldurætur í Alsír, starfar nú hjá Real Madrid. Hann sagði Bale búa yfir ótrúlega sjaldgæfum kostum, eftir að hafa séð hann spila á White Hart Lane. „Hraði hans hræðir andstæðingana og hann getur líka skotið algjörlega upp úr engu.“ Zidane er nú aðstoðarmaður Carlo Ancelotti, sem tók við stjórnartaumunum hjá Real Madrid af José Mourinho síðastliðið vor. Í allt sumar hafa staðið yfir samningaviðræður milli Real Madrid og Tottenham um kaup á Gareth Bale og gengu kaupin loks í gegn, rétt áður en félagaskiptaglugginn lokaðist á sunnudaginn. Niðurstaðan úr þessum viðræðum var sú að Real Madrid borgaði 100 milljónir evra fyrir Bale, sem nemur tæplega 16 milljörðum króna. Sú upphæð gerir hann að dýrasta leikmanni sögunnar. Með þennan verðmiða á bakinu hefst nýr kafli ótrúlegs ferils þessa 24 ára gamla Walesverja. Hvort hann stendur undir væntingum verður tíminn að leiða í ljós. Hitt er alveg ljóst að hann á sviðið og það er hans að sýna hvað í honum býr.



FIND NEW ROADS™



# 2.990 ÞÚS. KR.

MEIRA SEGJA VERÐIÐ ER FALLEGT



Fæst einnig  
í Station  
útgáfu á  
3.190 þús. kr.

## NÝR CRUZE



Chevrolet Cruze LT 1.8 l • bensín • bsk  
Verð aðeins: 2.990 þús. kr.

Aksturstölva • bakkskynjarar • bluetooth • hraðastillir • hiti í sætum • loftkæling  
ESP skriðvörn • leðurstýri og fleira • kynntu þér ríkulegan staðalbúnað á benni.is

Bílaíð  
**Benna**  
Sérfræðingar í bílum



# GALLERÍ





### **Obama og Bildt**

Barack Obama Bandaríkjaforseti lenti í Svíþjóð í gær og dvelur þar í tvo daga áður en hann flýgur til Sankti Pétursborgar í Rússlandi. Þar ætlar hann að hitta leiðtoga helstu iðnríkja heims, G20-ríkjanna svokölluðu, og má búast við að átökin í Sýrlandi verði heitasta umræðuefnið. Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, tók á móti Obama og fylgdi honum úr forsetaflugvélinni að brynvörðum kádilják forsetans.



### Með tvær í takinu

Þessi sýrlenski uppreisnarmaður útbjó tvær heimagerðar sprengjur í borginni Raqqa í norðurhluta Sýrlands á þriðjudag. Bandaríkin og Frakkland vilja refsa sýrlenskum stjórnvöldum fyrir efnavopnaárs sem þeim hefur verið eignuð en Rússar og Kínverjar hafa staðið í vegi fyrir þeim aðgerðum. Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, segir ástandið í Sýrlandi geta farið á enn verri veg blandi vestræn ríki sér í átökin. MYND/AFP



### Í járnnum fyrir mótmæli

Pegar íslamskir Palestínuborgarabúar ætluðu til mosku í Gömlu borginni í Jerúsalem í gærmorgun var þeim meinaður aðgangur vegna óeirða í nágrenninu. Ísraelskar lögreglusveitir handtóku sjö manns, að sögn talsmanns lögreglunnar, eftir að grímuþakkaðir mótmælendur köstuðu grjóti að ferðamönnum. Gamla borgin í Jerúsalem er bæði gyðingum og múslimum sögulega mikilvæg og geymir helga staði beggja trúarbragða.

MYND/AFP



### Strand

Þessi hundur var ráðalaus í flóðunum í austurhluta Rússlands og sat og beið þess að vera bjargað. Borgin Komsomolsk í Khabarovsk-héraði austast í Rússlandi hefur orðið illa úti í flóðunum og segja rússnesk yfirvöld að flytja hafi þurft tugi þúsunda fólks frá heimkynnum sínum. Vatnsyfirborðið hefur hækkað um meira en átta metra í sumum af stærstu þéttbýliskjörnum Síberíu.

MYND/AFP



### **Kerry fyrir utanríkismálanefnd**

Utanríkismálanefnd öldungadeildar Bandaríkjaþings hefur samþykkt beiðni Baracks Obama forseta um hernað í Sýrlandi sem utanríkisráðherrann John Kerry flutti fyrir nefndinni í gær. Forsetanum hefur verið veitt heimild til hernaðar í Sýrlandi í allt að þrjá mánuði. Heimildin er þó skilyrðum háð því honum er bannað að beita landher gegn stjórnarher Sýrlands.

MYND/AFP



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Óðinn Jónsson

# Umræðan heftúðleg, húmorslaus og leiðinleg



## VIÐTAL

Pórður Snær Júlíusson  
thordur@kjarninn.is

**P**að gustar um fréttastofu Ríkisútvarpsins (Rúv). Það hefur svo sem gert það áður, en á undanförnum misserum hafa árásirnar verið harðari. Á sama tíma er fjölmiðlun í heiminum öllum að breytast hratt og er línuleg fréttamiðlun, á borð við fréttatíma í útvarpi og sjónvarpi, víða á undanhaldi. Óðinn Jónsson hefur verið fréttastjóri Útvarps frá því í apríl 2005. Þegar fréttastofur hljóðvarps og sjónvarps hjá RÚV sameinuðust í september 2008 varð Óðinn fréttastjóri yfir sameinaðri fréttastofu.

Óðinn er áhyggjufullur fyrir hönd íslenskra fjölmiðla vegna aðstæðna þeirra og þykir þær vera daprar. „Íslenskir fjölmiðlar hafa þurft að þola mikinn niðurskurð á undanförunum árum. Það á ekki bara við um Rúv, heldur alla. Þetta eru miklir gerjunartímar og satt best að segja veit maður ekki hvernig þetta fer. Hefðbundnir fjölmiðlar víðs vegar um heiminn standa margir hverjir mjög illa og eru á undanhaldi gagnvart föstum notendum og auglýsendum. Ríkisreknir miðlar eins og Rúv standa líka höllum fæti gagnvart niðurskurðarkröfum stjórnvalda og til dæmis krafna innan Evrópusambandsins um að draga úr umfangi þeirra og hleypa einkaaðilum frekar að. Þetta er að gerast á erfiðum tímum þegar kakan er að minnka hratt. Hún minnkar svo hratt að flótti áhorfenda telst í háum tölum og sama er að segja um lesendur blaða. Áskriftartölur eru nánast í frjálsum falli.“

### Valdamiklir aðilar að tryggja stöðu sína

Víðs vegar um heiminn hefur þessari þróun verið mætt með því að fjársterkir einstaklingar eða hópar hafa keypt hefðbundna fjölmiðla og haldið þeim gangandi, oft á tíðum án þess að neinar rekstrarforsendur væru til þess. Spurður hvort hann telji þessa þróun grafa undan trausti til fjölmiðla segir Óðinn það vera alveg klárt.

„Blaðamenn spyrja sig af hverju þessir aðilar séu að kaupa fjölmiðla eða stóra hluti í þeim. Það trúna því fáir að það sé til að efla frjálsa fjölmiðlun eða rannsóknarblaðamennsku. Það virðist mun líklegra að menn séu að kaupa sér greiðari



## ÓÐINN UM LAUSNAMÍÐAÐAR FRÉTTIR

„Ég held að það séu ákveðin færi, og ákveðin nauðsyn, að íslenskir fjölmiðlar haldi áfram rannsóknarstarfi, skoði hrunið og hvað menn hafi lært af því. En þeir þurfa líka að taka þátt í uppbyggingarstarfi með uppbyggilegri og lausnamiðaðri fréttamennsku. Þetta þurfa ekkert að vera einhverjar glansmyndir, heldur að fjölmiðlarnir taki þátt í því með þjóðinni að byggja upp þetta þjóðfélag upp á nýtt.

Við tókum eftir því strax eftir hrun að okkur þótti okkur takast ágætlega til að sýna almenningi

þessa ólgu í samfélaginu. Við vorum á vettvangi og skráðum þetta. En við tókum fljótt eftir því að áhorfið á fréttirnar snarminnkaði. Eftir einhverjar vikur af þessum stórfréttum sem fylgdu hruninu, neikvæðum fréttum og andstyggilegum viðburðum, leiðinlegri þróun og svo framvegis fékk fólk líklega bara nóg þegar það kom heim og slökkti á tækjunum. Við sáum að þarna voru skilaboð til okkar og að fleira þyrfti að koma til. Við sáum að við þyrftum að taka betur þátt í lausnunum.“

aðgang að almenningi og færa auglýsingar í einhvern góðan búning sem er hægt að selja betur. En svo er þetta kannski líka hluti af pólitískum leik. Að menn séu að leita að einhverri áhrifastöðu.“

*Skynjar þú það á Íslandi?*

„Augljóslega hafa valdamiklir aðilar viljað tryggja stöðu sína með aðkomu að fjölmiðlum á undanförunum árum. Það blasir við. Ég er ekkert að segja að þessir fjölmiðlar hafi verið misnotaðir í einhverjum tilgangi. En það er ólíklegt að menn sem vilja hagnast á rekstri velji sér blaðauktáfgáfu eða rekstur sjónvarpsstöðvar til þess eins.“

*Hvernig finnst þér íslenskir fjölmiðlar standa sig í samanburði við fjölmiðla annars staðar á Norðurlöndunum?*

„Það þarf alltaf að setja svarið við þessari spurningu í samhengi við stærðarhlutföll. Ég held að íslenskir fjölmiðlar, á heildina litið, standi sig vel. Þá er ég að tala um kjarnann í blaðamenskunni. Hins vegar vantar mjög margt. En það sem við gerum gerum við býsna vel. Miðað við smæðina og hversu litlir peningar fara í fjölmiðla. Almenn fréttabjónusta er harla góð. Við erum nokkuð góð í því að koma fréttum til almennings. Við styðjumst ekki við fréttaveitur á innlendum vettvangi, sem eru ópersónulegar og fjarlægjar ritstjórnun, líkt og tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum.

Við erum góð í snerpunni, að leita viðbragða og svoleiðis.



### Eignarhaldið

„Augljóslega hafa valdamiklir aðilar viljað tryggja stöðu sína með aðkomu að fjölmíðlum á undanförunum árum. Það blasir við,“ segir Óðinn.

Við erum með þeim bestu í heimi í fréttum af hamförum. En það blasir við að það vantar meiri rannsóknarblaðamennsku, öflugri fréttaskýringar og dýpri umfjöllun um erlend málefni. Allt hefur þetta laskast í niðurskurði síðustu ára eða hefur jafnvel aldrei verið til. Það skortir á að fréttamenn geti sett Ísland í samhengi við það sem er að gerast annars staðar.“

### Ekki tekist að auka sérfræðiþekkingu

Ein helstu rökin sem færð voru fyrir því að sameina fréttastofur útvarps og sjónvarps hjá RÚV haustið 2008 voru að með því yrði hægt að auka sérfræðiþekkingu fréttamanna á ákveðnum tegundum fréttu. Óðinn gengst við því að það hafi ekki tekist. „Vikuna eftir sameininguna kom hrunið og í framhaldinu mikill og ítrekaður niðurskurður. Peningalegt hagræði var aldrei meginmarkmiðið með sameiningunni. Það leið hins vegar ekki á löngu þar til við þurftum að takast á við það. Það hefur tafið okkur í fimm ár. Verkefnið er ekki farið



## ÓÐINN UM ATGERVISFLÓTTA ÚR FJÖLMÍÐLUM

„Ég hræðist hann en er ekki í neinni svartsýnisþoku. Ég held að ný dæmi sanni að ungt fólk í þessu fagi leitast nýrra leiða til að starfa í faginu. Blaðamennska er bara hluti af menningarlífi þróaðs samfélags og verður alltaf til staðar þó að blöðin laskist eða útvarpsstöðvunum fækki. Það sem maður hefur mestar áhyggjur af, og er kannski ekki mest spennandi umræðuefnið fyrir marga, er að í samfélagi þarf ákveðna jarðvinnu upplýsingaöflunar. Við þurfum á henni að halda. Við þurfum á almennri fréttáöflun og -miðlun að halda. Það

dugar okkur ekki að vera með einhver hundruð vefsíðna sem miðla efni hver frá annarri. Það verður að vera til fólk sem stundar þetta sem fag, eins og hverja aðra iðngrein, að afla upplýsinga, vinna úr þeim og veita aðhald. Þetta byggir allt á ákveðnum vinnubrögðum, hefðum og siðareglum. Það þarf að hafa fyrir þessu, stjórna þessu, og ef þetta fer að verða of laust í reipunum og of fáir stunda þetta við of erfið skilyrði og allir vilja bara kjafta á netinu horfir ekki vel.“

frá okkur en það hefur verið erfiðara en ella að leysa það.


Á sama tíma bættist við stóraukin netfréttamennska. Kröfurnar þar hafa aukist gífurlega og þær eru orðnar miklu meiri en þær voru fyrir fimm eða sex árum. Nú eru kollegar mínir á Norðurlöndum allir að takast á við það vandamál að hefðbundin fréttanotkun í útvarpi og sjónvarpi er að dala hratt. Það er jafnvel hægt að tala um hrún sums staðar. Þá horfa menn til þess hvernig þeir ná til fólks, sérstaklega undir 35 ára aldri. Þá er horft til snjalltækjanna sem við erum mörg með í vasanum.“

*Hvernig er Rúv í stakk búid til að takast á við þessar breytingar sem fylgja upplýsingabyltingunni?*

„Við erum tilbúin en það er að mörgu að hyggja. Rúv er með hefðbundinn sjónvarps- og útvarpsrekstur sem þarf að sinna vegna þess að áhorf og hlustun er töluvert miklu meiri á Íslandi en í nágrennalöndunum. Við erum í allt annarri stöðu en þau og getum ekki kastað þessu fyrir róða og einbeitt okkur að því að þjónusta í síma.

Það eru ákveðnar fæðingarhríðir að fá fyrirtæki sem hefur beint allri vinnu sinni í ljósvakann til að beina vinnu sinni inn á stafrænan vettvang í gegnum símtæki og tölvur. En hægt og bitandi erum við að auka hlut okkar þar. Og ég spái því, eins og gjarnan er með Rúv, að þegar við komumst á skrið náum við langt.

Það liggur fyrir að á næstu árum lætur línuleg dagskrá



Vanhugsað hjá Vigdís  
„Ég vona að þetta hafi verið frumhlaup  
hjá henni, vanhugsað, og kannski ekki  
djúþ meining á bak við þessi ummæli.  
Auðvitað eru margir pirraðir út í fjölmíðla  
og þar á meðal okkur. Það kann að vera  
eðlilegt. En þetta var með því verra sem  
ég hef heyrt lengi,“ segir Óðinn um nýleg  
ummæli Vigdísar Hauksdóttur um Rúv.



hratt undan, og kannski hraðar en margir vilja viðurkenna og skilja. Það er hægt að tala um hrún í vissum aldursflokkum. Fólk undir 35 ára kveikir til dæmis varla á sjónvarpi. Þeim sem gera það fer í það minnsta hratt fækkandi. Það blasir því við hefðbundnum fjölmiðlafyrirtækjum eins og Rúv að breytast í takt við þetta. Umræðan um þetta innan Rúv er í mjög miklum gangi. Það er mjög mikil gerjun.

En vissulega fylgja því erfiðleikar fyrir Rúv, sem fær eina af hverjum fjórum krónum af tekjum sínum úr auglýsingum, að fyrirtækið megi ekki auglýsa á netinu. Þó að við vitum að það þurfi að gera betur þar hafa þessar hömlur áhrif.“

Óðinn segir að breyta þurfi framsetningu fréttu í fréttatímum, nú þegar fólk getur nálgast upplýsingar um flest sem gerist á netinu yfir daginn. „Ég vil bæta sagnamenskuna í fréttum. Við þurfum að segja fólki betri sögur í þessum hólfulum sem heita fréttatímar. Það höfum við séð í nágranna löndunum að menn hafa gert. Við erum öðruvísi miðill en til dæmis Danmarks Radio eða NRK. Við erum ekki með þá sveitamiðlun fréttu sem þeir eru með, vegna smæðar samfélagsins. En við þurfum að bæta sögurnar og mér finnst svolítið vanta í íslenska blaðamenn að líta á frétt eins og sögu.“

### „Með því verra sem ég hef heyrt lengi“

Óðinn segir það mjög edlilegt og sjálfsagt að Rúv, og þeir sem þar starfi, sæti gagnrýni og aðhaldi. „Þannig hefur það alltaf verið. Ég er mikill áhugamaður um sögu Ríkisútvarpsins og hvernig því hefur vegnað í öldurótinu frá stofnun 1930. Það kemur manni á óvart, og er í raun stórfurðulegt, hvað þetta hefur lítið breyst. Það hafa alltaf verið einhverjir karakterar þarna úti sem hafa verið mjög hátt stemmdir í gagnrýni sinni á Ríkisútvarpið og halda fram miklum samsæriskeningum. Þetta hafa verið sömu ræðurnar frá mönnum frá hægri og vinstri um að við séum taglhnýtingar þessara eða hinna. Við höfum alltaf svarað því til að við séum að vinna vinnuna okkar. Og það er enn okkar svar.“

Í síðasta mánuði velti formaður fjárlaganefndar, Vigdís Hauksdóttir, því sér í morgunþætti á Bylgjunni hvort eðli

## ÓÐINN UM TRAUST Á FJÖLMIÐLUM

Ég held að margir þættir útskýri minnkandi traust á fjölmiðlum. Þjóðfélagið er orðið margskiptara og miklu flóknara. Af hverju ætti fólk að segjast aðspurt treysta fjölmiðlum? Orðið traust er orðið miklu máttlausara en áður. Ég held að það sé ekki vegna þess að fjölmiðlarnir séu orðnir svona miklu lélegri en áður að traustið mælist minna. Það eru aðrir þættir sem skýra það.

Ég held að ástæða þess að Rúv mælist með meira traust en aðrir fjölmiðlar sé að fólk telur sig eiga hlut í því fyrirbæri. Það veit að saga Rúv er löng, hefðirnar miklar, að hún er í eigu þess og að hún er að vinna fyrir það. Auðvitað vonum við líka að það sé vegna þess að þarna sé unnið gott starf og að dagskráin höfði til almennings.“

legt væri að „ríkisstofnun eins og Rúv, sem tekur til sín fjóra milljarða á ári af skattfé auk auglýsingatekna í samkeppni við einkastöðvar, fari fram með þessum hætti? Ég er náttúrliga í þessum hagræðingarhópi og þar liggur allt undir. Mér finnst óeðlilega mikið fjármagn fara í rekstur Rúv. Sérstaklega þegar þeir eru ekki að standa sig betur í frétttaflutningi. Þeir eru hlynttir ákveðinni stefnu og hallast til vinstri. Þetta sjá allir sem vilja sjá. Ég fullyrði það og get staðið við hvar og hvenær sem er að stofnunin er mjög Evrópusambandsinnuð.“

*Hvað finnst þér um þessi ummæli?*

„Þarf nokkuð að segja um þau? Þetta dæmir sig eiginlega sjálft sem vandræðaleg uppákoma í umræðunni og það hefur fennt hratt yfir þetta. Eðlilega, vegna þess að þetta var svo fráleitt. Eitt er að segja eitthvað svona lagað, en ég hef meiri áhyggjur af því ef þetta er raunverulega meiningin. Hún talaði reyndar um að menn hefðu mistúlkað ummælin en ef menn leggja þann skilning í þau sem eðlilegt er, samkvæmt orðanna hljóðan, er það mikið áhyggjuefni að lýðkjörnir fulltrúar hugsi og tali með þessum hætti. Það er ekki hlutverk þeirra.

Ég vona að þetta hafi verið frumhlaup hjá henni, vanhugsað, og kannski ekki djúp meining á bak við þessi ummæli. Auðvitað eru margir pirraðir út í fjölmiðla og þar á meðal okkur. Það kann að vera eðlilegt. En þetta var með því verra sem ég hef heyrt lengi.“

## ÓÐINN UM SMÆÐ ÍSLENSKS SAMFÉLAGS

„Ég á tvær myndir í fórum mínum. Önnur er af viðtali sem ég tók við Davíð Oddsson á fyrsta degi Morgunvaktarinnar. Í horninu situr aðstoðarmaður hans. Ég horfði á þessa mynd um daginn og hugsaði: „Já, nú er þessi umsjónarmaður Morgunvaktarinnar orðinn fréttastjóri RÚV, maðurinn sem viðtalið er tekið við er orðinn ritstjóri Morgunblaðsins og þessi aðstoðarmaður í horninu er orðinn menntamálaráðherra og æðsti yfirmaður ríkisútvarpsins.“

Önnur mynd er af veiðifélögum af fréttastofunni. Þar eru ég og forsætisráðherrann núverandi. Þetta er gott dæmi um hvað þetta er ofboðslega þröngt svið. Við erum að skipta oft um hlutverk á ævinni en þetta eru alltaf sömu leikendurnir. Þess vegna er mikilvægt að við höfum einhverjar umgengnisreglur og lágmarksvirðingu fyrir störfum annarra og án þess að tapa okkur í einhverjum ímynduðum slag við ímyndaða óvini. Við eigum að takast á og keppa. En ekki með þessum hætti.“

Önnur mynd er af veiðifélögum af fréttastofunni. Þar eru ég og forsætisráðherrann núverandi. Þetta er gott dæmi um hvað þetta er ofboðslega þröngt svið. Við erum að skipta oft um hlutverk á ævinni en þetta eru alltaf sömu leikendurnir. Þess vegna er mikilvægt að við höfum einhverjar umgengnisreglur og lágmarksvirðingu fyrir störfum annarra og án þess að tapa okkur í einhverjum ímynduðum slag við ímyndaða óvini. Við eigum að takast á og keppa. En ekki með þessum hætti.“

### Veit ekki hver þetta er sem stýrir Morgunblaðinu

Það eru ekki bara stjórnámálamenn sem hafa ráðist á Rúv undanfarin misseri. Morgunblaðið hefur verið mjög harðort í garð Rúv og Óðins persónulega í ritstjórnarskrifum sínum. Finnst mörgum sem annar hver leiðari blaðsins fjalli um þetta efni um þessar mundir. Tóninn er alltaf sá sami; Rúv er taglhnýtingur Samfylkingarinnar og rekur Evrópusinnaða fréttastefnu sem á mun meira skylt við áróður en fréttir.

Óðinn segir að þetta bíti ekki mikið á sig, þessar atlgöur séu hluti áreitisins sem fylgi annasömu starfi fréttastjórans. „Þetta er hins vegar þreytandi. Fólk tók einu sinni mark á Morgunblaðinu og því þykir þetta óþægilegt. En persónulega rænir þetta mig ekki svefni. Ég og félagar mínir hristum ekki af okkur alla gagnrýni. Við tökum mark á henni og eigum sjálfsagt hluta hennar skilið. Við erum fyrirferðarmikil á þessum vettvangi þjóðlífsins, þar sem fjölmiðlar eru, og því eðlilegt að menn gegnumlýsi það sem við gerum og komi með athugasemdir. Það er hægt að setja þær fram með mismunandi hætti.

Það er hins vegar algjörlega óboðlegt, og rakinn dónskapur, að gera fólki upp skoðanir og ætla því að það vinni óheiðarlega. Að það sé á mála hjá einhverjum flokkum, fyrirtækjum eða öðrum öflum án þess að nein önnur rök séu sett fram fyrir því en að viðkomandi finnist hlutirnir bara vera svona.

Það sem hefur einkennt þennan málflutning frá ritstjóra

Morgunblaðsins er einhver furðuleg heift sem ég fæ ekki skýrt. Tóninn sem Davíð Oddsson notar er óvenju skarpur. Og vekur auðvitað undrun margra. Ég veit eiginlega ekki hvað mannum gengur til.“

Að mati Óðins er ótrúlega lýjandi hversu heiftúðleg, húmorslaus og leiðinleg umræðan á Íslandi hefur tilhneigingu til að verða. „Menn eru einhvern veginn alltaf á brúninni og alveg að missa sig. Þessi óboðlega þvæla um fréttastofu Rúv er dæmi um það. Það ætti engum heilvita manni að detta í hug að ég, eða einhver annar fréttamaður, sem hefur starfað í þessu fagi í áratugi, séum í vinnu fyrir einhverjar flokksskrifstofur úti í bæ. Þvílík fásinna.

Þegar ég var þingfréttaritari í nokkur ár komst ég í návígi við þessa stjórn málaumræðu. Allan þann tíma var Davíð Oddsson forsætisráðherra og var sem slíkur harður í horn að taka. Maður þurfti bara að hrista það af sér og halda áfram. Manni fannst hann alltaf virða það. Það var gaman að vinna í kringum hann. En ég veit ekki hvaða maður þetta er sem stýrir Morgunblaðinu.“

## Veik vitund málsmetandi fólks

Önnur umræða um Rúv er stöðug; hvort raunverulega sé þörf á því að reka fjölmiðil fyrir almannaþé. Óðinn telur þá þörf ótvírætt vera til staðar. „Það sem mér finnst stundum gleymast er að þjóðfélag sem vill láta innviði sína standa þarf á því að halda að blaðamennska sé stunduð með einhverjum hætti. Ef atvinnulífið gerir það ekki með auglýsingum, eða áskrifendur gera það ekki með áskriftum, þá þarf ríkið að gera það með einhverjum hætti. Þannig er það í löndum sem við miðum okkur við. Ríkið, í gegnum skattheimtu eða með annars konar framlögum, tryggir einhverja lágmarksþjónustu á þessu sviði.

Ég er bara að lýsa þörfinni. Það er síðan stjórn mála- manna að taka við og ákveða hvernig þeir stuðla að lifandi og fjölbreyttu fjölmiðlasamfélagi. Það er ekki nóg að hafa vefsíður þar sem allir geta gjammað út í eitt og miðlað efni héðan og þaðan allan liðlangan daginn. Það er ekki blaða





### Húmorinn vantar

Að mati Óðins er ótrúlega lýjandi hversu heiftúðleg, hómorslaus og leiðinleg umræðan á Íslandi hefur tilhneigingu til að verða.

mennska. Það er kannski angi fjölmiðlunar en alls ekki blaðamennska. Ég hef miklar áhyggjur af því hversu margt málsmetandi fólk hefur veika vitund um það hvað blaðamennska er. Hjá fólki sem er á þingi og hjá þeim sem bera uppi hina almennu umræðu er hún ansi hávær en oft leiðgjörn og afar lítið í hana spunnið.

Mér finnst hrikalega leiðinlegt hversu margir góðir menn sem einu sinni voru í faginu virðast telja að blogg síður þeirra geti komið í staðinn fyrir vinnuna sem fjölmiðlarnir vinna á hverjum degi. Menn sem sitja heima hjá sér og finnst eitt-hvað um einhvern eða eitthvað. Og finnst sú framsetning skoðana vera fjölmiðlun. Sem er ótrúlegt.“





# ENDURHEIMTU UNGLEGT ÚTLIT HÚÐARINNAR.

**NÝTT**  
LÆTUR HÚÐFRUMUR  
ENDURNÝJA SIG  
HRAÐAR





# Spáð í Karphús- spilastokkinn

ÁLIT



Guðmundur Gunnarsson  
fyrirverandi formaður  
Rafiðnaðarsambandsins

Þegar sigurvegarar kosninganna í vor tóku við í byrjun sumars voru áberandi yfirlýsingar um að þeir vildu ná góðu sambandi við aðila vinnu-  
markaðarins. Síðasta ríkisstjórn skilgreindi  
verkalýðshreyfinguna sem einn af sínum helstu  
óvinum, þrátt fyrir að hún væri eina vinstristjórn þessa  
lands. Hún sleit nánast öllu samstarfi við hana og valdi  
frekar samstarf við sjálfskipaða fámenna hagsmunahópa.  
Þær voru súrrealískar yfirlýsingar þáverandi ráðherra, þegar  
þeir töldu sig þekkja betur vilja félagsmanna verkalýðs-  
félaganna en forsvarsmenn þeirra gerðu. Í þessu sambandi  
er vert að halda því til haga að málsvarar hinna sjálfskipuðu  
hagsmunahópa buðu allir fram í síðustu kosningum en náðu  
einungis fylgi um 1-2% kjósenda.

Allir kjarasamningar á Íslandi renna út fyrir áramót og  
vinna við endurnýjun þeirra er komin af stað. Hagvöxtur  
á Íslandi í ár stefnir í að verða aðeins rúmt prósent. Hag-  
vöxturinn í fyrra var líka undir væntingum, um 1,6 prósent.  
Gjaldeyrishöftin voru nauðsynleg þegar þau voru sett en eru  
í dag farin að valda vaxandi vandræðum og bóllumyndun.  
Stéttarfélögin hafa bent á tilgangssleysi þess að gera kjara-  
samninga í mynt sem stjórnvöld eigi auðvelt með að nýta  
til þess að „leiðrétta of góða kjarasamninga“. Íslenskt sam-  
félag vantar sárlega aukna verðmætasköpun og verður að  
ná hagvaxtarauka sem svarar að minnsta kosti um 3% á  
ári, eigi að nást það lífsnauðsynlega markmið að grynnka á  
skuldum ríkisins og lækka árlegan vaxtakostnað ríkissjóðs  
um 30-50 milljarða.

## Örlagaríkar ákvarðanir

Þrátt fyrir yfirlýsingar í kosningabaráttunni hefur ekkert  
komið fram frá nýju ríkisstjórninni um hvernig hún ætli að  
nálgast atvinnulífið. Kjararáð úthlutaði í sumar nokkrum  
opinberum embættismönnum 15% afturvirkri launa-  
leiðréttingu. Á sama tíma ákváðu bankarnir og fjármála-  
stofnanir að leiðrétta laun sinna starfsmanna með myndar-  
legum bónusum. Þessar ákvarðanir eiga vafalítið eftir að  
reynast örlagaríkar setji maður upp Karphúsgleraugun.  
Augljóslega telja margir launamenn að þarna hafi lágmark  
komandi kjarasamninga verið sett.

Þegar komið er á kaffistofur vinnustaðanna er áberandi  
sú krafa að nú sé komið að millitekjuhópunum. Kjara-  
samningar frá aldamótum hafa umfram annað einkennst  
af sérstakri hækkun lægstu taxta, sem höfðu dregist langt  
aftur. Þar má t.d. benda á að lægstu taxtar iðnaðarmanna  
hafa það sem af er þessari öld verið hækkaðir um 50% um-  
fram umsamdar lágmarkslaunahækkanir. Fyrir liggur að  
slök launakjör hafa leitt til landflóttu af vinnumarkaðinum  
og margir segjast vera á á förum verði kaupmátturinn ekki  
lagfærður og tekið á gjaldmiðilsmálum til framtíðar.

## Þröngur stakkur sniðinn

Fram hefur komið hjá þeim sem vinna að fjárlagagerð að  
ríkisstjórninni er þröngur stakkur sniðinn og kosningaloforð  
um skattalækkanir og skuldaleiðréttingu þrengja hann  
enn meir. Þar til viðbótar liggur á borði fjármálaráðherra  
auk annarra himinhárra skulda ríkissjóðs 600 milljarða  
ógreiddur reikningur ríkissjóðs í lífeyrissjóð opinberra  
starfsmanna. Í því sambandi verður ekki komist framhá  
kraftmikilli kröfu launamanna á almenna vinnumarkaðinum  
um jöfnum lífeyrisréttinda, þeir sætti sig ekki við að búa  
við skerðingar á meðan opinberir starfsmenn búi við ríkis-  
tryggingu á sínum lífeyri. Fyrirliggjandi lausn í þessu máli  
kallar á hækkun iðgjalda og að ríkissjóður geri hreint fyrir  
sínum dyrum gagnvart opinberu lífeyrissjóðunum.

Stærsta verkefni nýrrar ríkisstjórnar er að endurvekja  
traust á efnahagslífinu og hvetja með því til aukinnar fjár-  
festingar og auka verðmætasköpun. Framleiðni á Íslandi  
er töluvert minni en hjá nágrennaþjóðunum. Á þessu var  
tekið í hinum svokallaða Stöðugleikasáttmála; þar var þessi  
vandi skilgreindur vandilega og áætlanir um hvernig leysa  
mætti þessi mál. Leiða má að því líkur að stærstu mistök  
síðustu ríkisstjórnar hafi einmitt verið að standa ekki við  
þann samning og stofna frekar til deilna við aðila vinnu-  
markaðarins.

Stærstu vandamál atvinnulífsins hér á landi má rekja til  
óstöðugs gjaldmiðils. Í þeim löndum sem við eigum viðskipti  
við er verðbólga innan við 4-5% og vextir um þriðjungar af  
því sem þeir eru hér á landi. Gjaldmiðill okkar veldur því að  
Ísland er rúið efnahagslegu trausti. Aðilar vinnumarkaðar  
benda á að rekstur reistur á traustum grunnildum í stöðugu  
umhverfi verði stöðugur og leiði jafnt til vaxtar og skapi störf.

Núverandi ríkisstjórnarflokkar héldu því fram í kosninga-  
baráttunni í vor að þeir réðu yfir aðferð til þess að lækka  
húsnæðisskuldir fólks án þess að skattgreiðendur og sjóðs-  
félagar almennu lífeyrisjóðanna þyrftu að borga brúsann.  
Nánast allir hagfræðingar landsins hafa dregið þetta í efa og  
nær væri ef hún á annað borð fyndist að nota þá fjármuni til  
þess að lækka svimandi skuldir ríkissjóðs.

## Gengisfelling og verðbólguþot

Staðan í dag þannig eindregið til þess þess að  
stjórnvaldamenn muni enn eina ferðina ætla sér að leysa  
hnútinn í Karphúsinu með gengisfellingu krónunnar  
og meðfylgjandi verðbólguþoti. Samningamenn aðila  
vinnu-  
markaðarins hafa sagt að ekki sé hægt að setjast að  
samningaborðinu fyrr en ríkisstjórnin hafi lagt fram skýra  
efnahagsáætlun og hvernig hún hyggist taka á gjaldmiðils-  
málunum til framtíðar. Talsmenn stéttarféлага opinberra  
starfsmanna krefjast þess að 15% leiðréttingin komi strax  
óskert til allra og má leiða að því líkur að þeir muni því leiða  
kjararæðurnar í byrjun.

Hér ræður því ríkjum ástand óvissunnar. Ríkis-  
stjórnarinnar bíður mjög erfitt og flókið verkefni á næstu  
vikum og hætt er við að kosningaloforðin frá því í vor verði  
henni þungbær. Margt bendir til þess að hér gætu orðið  
harkaleg átök á vinnumarkaðnum í vetur. Launamenn hafa  
undanfarin misseri sýnt skilning og þolinmæði í kjölfar  
hrunsins en nú vilja þeir fá þær leiðréttingar sem þeir telja  
sig hafa lagt inn með því að sitja á sér í launakröfum fyrir  
síðustu misseri.

Kjarninn tekur á móti  
aðsendum greinum. Ekki er  
tekið við greinum lengri en  
700 orð. Mynd af höfundu  
verður að fylgja.  
Sendið greinar á  
[ritstjorn@kjarninn.is](mailto:ritstjorn@kjarninn.is)



## *Sveitasæla, dekur og afslöppun*

Fáðu tilboð fyrir hópinn þinn í  
árshátíðir, jólahlaðborð eða aðra starfsmannagleði.

.....

**SMELLTU HÉRNA FYRIR NÁNARI UPPLÝSINGAR**



**HÓTEL ÖRK**

.....

info@hotel-ork.is / s. 483 4700 / hotelork.is





# ARNARHVÁLL



FJÁRMÁLA- OG  
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

## Stapi vill sex milljarða króna frá íslenska ríkinu

**DÓMSMÁL**  
Þórður Snær Júlíusson  
[thordur@kjarninn.is](mailto:thordur@kjarninn.is)

**S**tapi lífeyrissjóður hefur stefnt íslenska ríkinu og vill að það greiði sér 6,1 milljarð króna. Um er að ræða innlán sem sjóðurinn átti hjá fjárfestingarbankanum Straumi-Burðarási þegar hann féll. Upphaflega ætlaði Stapi að lýsa kröfu í bú Straums-Burðaráss og fá þannig eitthvað af innlánunum til baka. Lögmannsstofa Stapa gleymdi hins vegar að lýsa kröfunni áður en kröfulýsingarfrestur rann út. Reynt var að fá kröfuna viðurkennda fyrir dómstólum en þeirri kröfu var vísað frá af Hæstarétti í maí í fyrra. Nú hefur lífeyrissjóðurinn



**Bjarni Benediktsson**  
Fjármálaráðherra



Smelltu til að sjá frétt  
RÚV um niðurstöðu  
Hæstaréttar vegna  
kröfúlýsingu Stapa

Því tekið þá ákvörðun að reyna að fá ríkið til að greiða peningana.

## Ekki á meðal innlána sem ríkið ábyrgðist

Þegar neyðarlög voru sett á Íslandi í október 2008 ábyrgðist ríkið allar innstæður. Sú ábyrgð er enn í gildi. Því voru allar innstæður gömlu banka-anna færðar yfir til nýrra banka, sem í dag heita Arion

banki, Íslandsbanki og Landsbankinn.

Þegar Straumur-Burðarás var síðan yfirtekinn af Fjármálaeftirlitinu í mars 2009 voru innlán viðskiptavina hans færð til Íslandsbanka og í skjól. Nokkrar tegundir innlána voru hins vegar undanskildar slíkum flutningi og skildar eftir í þrotabúi Straums, sem í dag heitir ALMC. Í tilkynningu FME segir að þar á meðal hafi verið „innláns-skuldbindingar Straums-Burðaráss fjárfestingabanka hf. sem stofnað hefur verið til með þeim hætti að kröfueigandi samkvæmt skuldabréfi og/eða öðru sambærilegu skuldaskjali hefur fengið kröfu sína greidda fyrir gjalddaga en á sama tíma hefur verið stofnað til innláns hjá Straumi-Burðarási fjárfestingabanka hf.“

Eigendur þeirra innlána sem sátu eftir í Straumi-Burðarási voru örfáir. Þeirra á meðal var Stapi.

## Gleymdu að lýsa kröfu í búið

Stapi ætlaði, eins og áður sagði, að lýsa kröfu í bú Straums-Burðaráss vegna innlánsins og reyna með þeim hætti að fá eitthvað af fé sínu til baka. Lögmannsstofan sem átti að lýsa kröfunni gleymdi því hins vegar á meðan að kröfúlýsingarfrestur var í gildi. Straumur-Burðarás gerði síðan nauðasamning við kröfuhafa sína sem var staðfestur í ágúst 2010.





Smelltu til að sækja  
stefnu Straums á  
hendur ríkinu



Smelltu til að sjá síðustu  
áréttingu á yfirlýsingu ríkisstjórn-  
arinnar um allsherjartryggingu á  
innistæðum

Stapi höfðaði í framhaldinu mál og krafðist þess að fá sama rétt til greiðslna og aðrir sem voru aðilar að nauðasamningnum. Héraðsdómur féllst á þau rök en Hæstiréttur sneri þeirri niðurstöðu í maí í fyrra og byggði dóm sinn á því að því Stapi hefði einfaldlega lýst kröfu sinni of seint.

## Vilja að ríkið borgi

Hinn 16. október 2012 sendi lögmaðurinn Hróbjartur Jónatansson ábyrgðarbréf til þáverandi fjármálaráðherra, Katrínar Júlíusdóttur, þar sem þess var krafist að íslenska ríkið bætti Stapa það fjártjón sem hefði hlotist af því að allir innlánsreikningar lífeyrissjóðsins hjá Straumi-Burðarás hefðu ekki verið fluttir til Íslandsbanka við fall bankans, eins og önnur innlán. Þetta telur lögmaður Stapa vera ólögmeta mismunun af hálfu FME.

Fjármálaráðuneytið sendi málið áfram til ríkislögmann, sem boðaði í bréfi afstöðu til bótakröfu Stapa þegar hann hefði lokið öflun gagna og umsagna í málinu. Samkvæmt stefnu Stapa á hendur ríkinu hafði slík afstaða ekki borist í síðustu viku, tíu mánuðum eftir að ríkislögmaður sendi bréfið þar sem hann boðaði hana. Í stefnunni segir: „...af þessu er óhjákvæmilegt að draga þá ályktun að ríkislögmanns-embættið skorti rök til þess að hafna kröfu stefnanda. Þar sem stefndi hefur ekki orðið við kröfum stefnanda er honum nauðsyn á að höfða mál þetta til greiðslu fébóta, úr hendi stefnda.“ Krafa Stapa hljómar upp á 6,1 milljarð króna en til vara fer lífeyrissjóðurinn fram á að ríkið greiði sér 4,3 milljarða króna, sem er sú upphæð sem sjóðurinn hefði fengið ef hann hefði verið aðili að nauðasamningi Straums-Burðaráss.

Stefnan var birt ríkislögmanni í síðustu viku og málið verður þingfest hinn 12. september.





# Gagnaeyðing hjá embætti sérstaks saksóknara

ÁLIT



Tómas Hrafn Sveinsson  
lögmaður



Deildu með umheiminum

**H**inn 16. ágúst síðastliðinn var kveðinn upp úrskurður [úrskurðarnefndar um upplýsingamál](#) nr. A-494/2013 í máli [ÚNU 12050004](#). Í málinu krafðist A aðgang að tilteknum gögnum frá embætti sérstaks saksóknara á grundvelli upplýsingalaga. Í stuttu máli var niðurstaðan sú að úrskurðarnefndin vísaði erindinu frá, þar sem sérstakur saksóknari hafði eytt gögnunum og öryggisafrit voru ekki til.

## Málsatvik

Forsaga málsins er sú að Kastljós birti viðtal við sérstakan saksóknara hinn 12. desember 2011. Nokkrum mánuðum síðar, hinn 3. apríl 2012, sendi A beiðni til sérstaks saksóknara með vísan til 3. gr. [bágildandi upplýsingalaga frá 1996](#) og óskaði eftir afriti af öllum tölvupóstsamskiptum starfsmanna embættisins við tiltekinn fréttamann Kastljóss. Beiðni A var ekki svarað og sendi hann því kæru til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Hinn 16. maí 2012 tók sérstakur saksóknari ákvörðun um að hafna beiðni A. Meðal annars var vísað til þess að beiðnin væri of almenn og tengdist ekki tilteknu máli. Þá sagði í ákvörðun embættisins:

*„Hvað varðar samskipti undirritaðs við fréttamanninn [B] þá hófust þau með símtali og fundi á embættinu sem var fram haldið með viðtali sem fylgt var eftir með tölvupóstum. Þar sem ekki var litið á þessi samskipti sem stjórnarsýslumál eða hluta af slíku máli var ekki haldið utan um þessi samskipti með formlegum hætti.“*

Sérstakur saksóknari sendi jafnframt úrskurðarnefnd um upplýsingamál afrit af framangreindri ákvörðun með bréfi sínu sama dag, en í því sagði meðal annars:

*„[...]Umræddum tölvupóstsamskiptum hefur að öllum líkindum verið eytt eins og gert er hvað varðar gögn sem ekki tengjast tilteknum stjórnarsýslumálum eða lögbundnum verkefnum embættisins. Þó skal tekið fram að mögulega er unnt að endurheimta tölvupóstsamskiptin með því að leita í eldri afritum af tölvugögnum verði þess óskað að hálfu nefndarinnar.“*

Kærandi gerði athugasemdir við þetta og vísaði meðal annars til þess að samskipti stjórnarsýslunnar við fjölmiðla féllu undir gildissvið upplýsingalaga eins og umboðsmaður danska þjóðþingsins taldi, sbr. álit hans [nr. 2004.452](#). Það varðaði því almannahagsmuni að upplýst yrði á hvaða forsendum umrætt einkaviðtal hefði verið veitt.

Úrskurðarnefndin óskaði í kjölfarið eftir öryggisafritum af umræddum gögnum frá sérstökum saksóknara. Svar saksóknarans var að öryggisafritin væru ekki lengur til þar sem þau væru aðeins geymd þrjú mánuði aftur í tímann. Engin gögn voru því til staðar fyrir úrskurðarnefndina til að meta hvort kærandi gæti fengið aðgang að þeim.

## Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar

Samkvæmt upplýsingalögum getur úrskurðarnefnd um upplýsingamál aðeins fjallað um synjun stjórnvalds á að veita aðgang að gögnum. Úrskurðarnefndin gat því ekki annað en vísað málinu frá, enda voru gögnin sem kærandi óskaði eftir ekki lengur til. Nefndin tók hins vegar sérstaklega fram að samkvæmt ýmsum lagaákvæðum væri það á færi annarra stjórnvalda að tryggja að stjórnvöld skráðu og varðveittu þær upplýsingar sem þau sýsluðu með. Til dæmis kemur fram í 7. gr. [laga um Þjóðskjalasafn Íslands](#) að afhendingarskyldum aðilum sé óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum. Úrskurðarnefndin benti á að það kæmi í hlut annarra aðila að hafa eftirlit með því hvort stjórnvöld sinntu skyldum sínum um skráningu og vistun gagna með fullnægjandi hætti. Þessir eftirlitsaðilar eru einkum æðri stjórnvöld, dómstólar og [umboðsmaður Alþingis](#).

## „Eins og gert er“

Athyglisvert er að sérstakur saksóknari lýsti því yfir í málinu að hann hefði eytt tölvupóstunum: *„[...] eins og gert er hvað varðar gögn sem ekki tengjast tilteknum stjórnarsýslumálum eða lögbundnum verkefnum embættisins.“* Af þessu má draga þá ályktun að eyðing tölvupósta sé gerð með skipulegum hætti hjá embættinu. Mat á því hvort gögnin tengjast tilteknum málum eða verkefnum embættisins fer fram hjá embættinu sjálfu, þrátt fyrir að úrskurðarnefnd um upplýsingamál ætti að hafa endanlegt mat um hvort heimilt sé að eyða gögnum sem verða til í starfsemi embættisins.

Auðvitað getur verið erfitt fyrir stjórnvöld að halda utan um öll gögn og erindi sem þeim berast, hvort sem þau eru bréflög eða vistuð í tölvu. Geymslurými er mismunandi eftir stofnunum og því er eðlilegt að ákveðnum gögnum sé eytt. Hins vegar má færa fyrir því rök að það sé hluti af verkefni stjórnvalda að eiga samskipti við fjölmiðla jafnvel þótt það standi ekki beinlínis í lögum sem gilda hverju sinni um viðkomandi stjórnvöld. Þannig má halda því fram að embættinu beri að varðveita gögn sem verða til við starfrækslu þessa verkefnis. Þá er mikilvægt fyrir sakborninga að komast að því hvers konar upplýsingar sérstakur saksóknari veitir fjölmiðlum, bæði um mál sem þegar hefur verið ákært í og þau sem enn eru til rannsóknar. Sakborningar verða að geta treyst því að rannsókn og meðferð mála sem þá varða sé réttlát, lögmæt og sanngjörn.

Skipuleg gagnaeyðing stjórnvalda getur valdið vandræðum vegna þess að upp geta komið takmarkatilvik þar sem vafi er um hvort gögn teljist hluti „tiltekins máls“. Þetta mál ber þess vitni. Til að mynda benti úrskurðarnefndin sérstaklega á að ákvæði upplýsingalaga gerði ráð fyrir því að það ætti að vera mat hennar hvort gögn væru hluti af tilteknu máli eða ekki og hvort heimila ætti aðgang að þeim. Ef gögnunum hefði ekki verið eytt hefði nefndin átt að fá afrit af þeim til þess að geta metið þau sjálfstætt.

## Hlutlægni

[Ný upplýsingalög](#) tóku gildi hinn 28. desember 2012. Markmið laganna er að tryggja gegnsæi í stjórnarsýslu og við meðferð opinberra hagsmuna, meðal annars í þeim tilgangi að styrkja upplýsingarétt og tjáningarfrelsi, möguleika almennings til þátttöku í lýðræðissamfélagi, aðhald fjölmiðla og almennings að stjórnvöldum, möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni og traust almennings á stjórnarsýslunni.

Varla er það í anda þessara markmiða þegar stjórnvöld gera það að almennri reglu að eyða öllum gögnum sem þau að eigin mati telja ekki tengjast tilteknum málum. Enn síður styrkir það traust almennings til stjórnarsýslunnar. Þetta á sérstaklega við ef gögnin varða samskipti við fjölmiðla. Málið er auk þess vandræðalegt fyrir embætti sem sjálft þarf að rannsaka og finna tölvugögn sem hefur verið eytt.

Á embætti sérstaks saksóknara hvílir rík hlutlægniskylda sem ákærandi. Í því ljósi má velja því upp hvort ekki sé tilefni til þess að endurskoða vinnulag embættisins við eyðingu tölvupóstsamskipta við fjölmiðla. Hlutlægni sérstaks saksóknara verður að vera hafin yfir vafa. Þau mál sem embættið rannsakar og gefur út ákæru í eiga sér vart hliðstæðu hér á landi hvað fjárhæðir varðar. Sakborningar geta átt yfir höfði sér mjög þungar refsingar í formi fjársekta og frelsisviptingar.

Þessi gagnaeyðing grefur ekki aðeins undan þeim upplýsingarétti sem tryggður er í upplýsingalögum. Hún getur í ákveðnum tilvikum gefið tilefni til að efast um hlutlægni sérstaks saksóknara og þar með að réttlát málsmeðferð hafi verið viðhöfð.



# Vaxandi spenna í Reykjavík

## STJÓRN MÁL

Magnús Halldórsson  
[magnush@kjarninn.is](mailto:magnush@kjarninn.is)

**P**

rátt fyrir að rúmlega hálf tveggja árin síðan sé í sveitarstjórnarkosningum eru töluverð innanflokksátök farin að setja mark sitt á gang stjórnmálanna, einkum í Reykjavík. Sérstaklega á það við um Sjálfstæðisflokkinn, en eftir að Hanna Birna Kristjánsdóttir yfirgaf sveitarstjórnarmálin og hélt inn á svið landsmálanna er forystusætið í flokknum laust, svo að segja. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson og Gísli Marteinn Baldursson eru öll líkleg til þess að lýsa yfir skýrum vilja til þess að leiða lista Sjálfstæðisflokksins þegar að því kemur að



mynda lista, annaðhvort í prófkjöri eða uppstillingu. Nafn Kjartans Magnússonar hefur einnig verið nefnt í þessu samhengi. Ekki eru allir sammála um hvort halda skuli prófkjör eða stilla upp á lista en gera má ráð fyrir að ákvörðun liggja fyrir á haustmánuðum.

## Verður Gísli Marteinn sér á báti?

Viðmælendur Kjarnans segja stöðu Gísla Marteins í borgarmálunum vera um margt „sérstaka“. Viðhorf hans, ekki síst í skipulagsmálunum, njóti stuðnings langt út fyrir Sjálfstæðisflokkinn og raunar ekki síður í öðrum flokkum en Sjálfstæðisflokknum. Aðspurður segist hann ekki vera búinn að ákveða neitt varðandi næstu sveitarstjórnarkosningar en hann hafi mikla ástríðu fyrir borgarmálunum og hug á því að starfa innan þeirra áfram.



**Oddviti Samfylkingarinnar**  
Dagur B. Eggertsson hyggst áfram sækjast eftir því að leiða Samfylkinguna í Reykjavík.

## Dagur áfram í forystu

„Það er ekkert fararsnið á mér úr borgarmálunum og ég mun sækjast eftir því að leiða Samfylkinguna áfram í Reykjavík,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti borgarstjórnarflokks Samfylkingarinnar. Hann segir mörg spennandi verkefni vera í gangi í Reykjavík og að hann hafi mikinn áhuga á því að sinna þeim áfram. Aðrir í borgarstjórnarflokknum

eru Oddný Sturludóttir og Björk Vilhelmsdóttir en viðmælendur Kjarnans voru sammála um að staða þeirra innan borgarstjórnarflokks Samfylkingarinnar væri sterk og ef þær sæktust eftir endurkjöri sem borgarfulltrúar hefðu þær stuðning flokksmanna. Framboð nýrra flokksmanna gætu þó haft áhrif á þá stöðu. Ef til þess kæmi að bjóða fram sameiginlegt framboð vinstriflokkanna í Reykjavík, eins og



Smelltu til að sjá nánar  
skipan borgarmála

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, hefur nefnt að undanfögnu, myndi Sóley Tómasdóttir, eini borgarfulltrúi flokksins, vafalítið gera tilkall til þess að vera í efstu sætum á lista sameiginlegs framboðs.

## Hvað gerir borgarstjórnin?

Þegar Besti flokkurinn er annars vegar beinast öll spjót að manningnum við stýrið, Jóni Gnarr borgarstjóra. Hann hefur ekki ákveðið enn hvort hann muni bjóða sig fram til áframhaldandi starfa fyrir Besta flokkinn. Aðrir borgarfulltrúar flokksins koma vel til greina sem mögulegir forystumenn, en innan borgarstjórnarflokksins eru meðal annars Elsa Hrafnhildur Yeoman, sem jafnframt er forseti borgarstjórnar, og Karl Sigurðsson, sem er annar varaforseti borgarstjórnar. Aðrir fulltrúar eru Einar Örn Benediktsson, Eva Einarsdóttir og Páll Hjaltason. Ljóst er að Besti flokkurinn stendur frammi fyrir erfiðu verkefni ef hann hyggst fylgja eftir ótrúlegum kosningasigri sínum frá því 2009, þegar flokkurinn fékk 34,7 prósent atkvæða, og halda sex borgarfulltrúum. Ein aðalsprautan í starfi flokksins, Heiða Kristín Helgadóttir, er einnig nefnd sem mögulegur leiðtogi flokksins fyrir næstu kosningar en eins og áður segir á myndin eftir að skýrast enn frekar hvað þetta snertir eftir því sem nær dregur kosningum.


## Árangur áfram...

Framsóknarflokkurinn bíður á hliðarlínunni, með mikinn byr í seglum eftir kosningasigur sinn í alþingiskosningunum síðastliðið vor. Flokkurinn á engan borgarfulltrúa eins og mál standa nú, en Óskar Bergsson, fyrrverandi borgarfulltrúi flokksins, og Guðlaugur Sveinsson, sem var meðal annars stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur um tíma, eru líklegir til þess að vera ofarlega á lista flokksins, samkvæmt viðmælendum Kjarnans. Þeir standa Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni flokksins, nærri og hafa verið duglegir að taka þátt í innra starfi flokksins um árabíl.





# Við viljum að allir gangi til liðs við okkur



Spotify

## TÆKNI

Ægir Þór Eysteinnsson  
aegir@kjarninn.is

**T**ónlistarveitan Spotify var stofnuð árið 2008 í Svíþjóð, en vöxtur fyrirtækisins síðan hefur verið ævintýri líkastur. Í upphafi störfuðu til að mynda þrjátíu og fimm starfsmenn hjá Spotify en í dag eru þeir rúmlega þúsund talsins í 28 löndum víðs vegar um heiminn.

Fyrirtækið býður upp á aðgang að yfir tuttugu milljón lögum, sem notendur geta streymt eða öllu heldur spilað í gegnum tölvur sínar, spjaldtölvur og/eða snjallsíma. Þjónustan er ókeypis fyrir þá sem vilja, en þá hljóma auglýsingar á milli laga. Fyrir 1.590 krónur á mánuði geta notendur Spotify keypt sér Premium-aðgang. Þá eru auglýsingarnar á bak og burt og möguleikar opnir fyrir notendur að koma sér í samband við aðra tónlistaráhugamenn víða um heim sem deila áhuga þeirra á tónlist. Þá er einnig hægt að fylgjast með lagalistum vina og frægra einstaklinga.

### Draumurinn að allir fái sömu þjónustu

Spotify hóf innreið sína á Íslandi í apríl. Á dögunum var svo tilkynnt um samstarf tónlistarveitunnar og Símans, en sex mánaða Premium-áskrift að Spotify fylgir nú öllum snjallpökkum símafyrirtækisins. Jonathan Forster, framkvæmdastjóri yfir starfsemi Spotify á Norðurlöndunum, er ánægður með að fyrirtækið sé loks komið til Íslands. „Það er markmið Spotify að færa öllum íbúum heimsins tónlist, eða að minnsta kosti gera þeim kleift að nálgast hana. Við elskum Norðurlöndin, þar er mikill tónlistararfur og íbúarnir nýjungagjarnir. Spotify hefur verið ákaflega vel tekið annars staðar á Norðurlöndunum og við eigum ekki von á neinu öðru á Íslandi.“

Ekki eru miklar líkur á því að framkvæmdastjórinn þurfi að hafa áhyggjur, því að útbreiðsla Spotify hér á landi hefur verið hröð og umfram væntingar. Heimildir Kjarnans herma að hlutfall greiðandi viðskiptavina sé hátt hérlendis. Framkvæmdastjóri Spotify á Norðurlöndunum staðfestir að fyrirtækinu hafi verið vel tekið á Íslandi. „Það er regla hjá okkur að gefa ekki upp neinar tölur en ég get þó sagt að útbreiðsla



## HVERSU STÓRT ER SPOTIFY?

Spotify er nú í boði í 28 löndum.

Meira en 24 milljónir virkra notenda.

Yfir sex milljón borgandi viðskiptavinir.

Meira en tuttugu milljón lög í boði á heimsvísu.

Lagalistar notenda komnir yfir milljarð talsins.

500 milljónir Bandaríkjadala verið greiddar til rétthafa.

Spotify á Íslandi hefur gengið hraðar en í mörgum öðrum löndum,“ segir Forster.

Í dag eru notendur Spotify á heimsvísu ríflega 24 milljónir talsins, en röskar sex milljónir þeirra borga fyrir Premium-aðgang. Spotify vill ekki gefa upp hlutfall borgandi viðskiptavina á Íslandi. „Á Norðurlöndunum eru snjallsímar mjög útbreiddir og íbúarnir tæknivæddir og vanir að greiða fyrir þjónustu á netinu. Hlutfall greiðandi viðskiptavina þar er þar af leiðandi töluvert hærra en gengur og gerist annars staðar. Við teljum að sú verði einnig raunin á Íslandi,“ segir Forster.

Frá stofnun Spotify árið 2008 hefur fyrirtækið greitt um hálfan milljarð Bandaríkjadala til rétthafa. „Um sjötíu prósent tekna okkar fara til tónlistargeirans. Við greiðum ekki tónlistarmanninum beint, heldur greiðum annars vegar til plötufyrirtækjanna og hins vegar útgáfufyrirtækjanna. Hversu mikið af tekjunum skilar sér til listamannsins veltur á samningnum sem hann gerði við útgáfufyrirtækið,“ segir Forster. Hann segir áætlanir Spotify gera ráð fyrir að í lok árs hafi tónlistariðnaðurinn fengið greiddan um milljarð Bandaríkjadala frá fyrirtækinu. Það gerir um 120 milljarða íslenskra króna.

## Tónlist orðin að hlaðborðsvöru?

Uppi eru háværar gagnrýnisraddir um að tónlistarveitur á borð við Spotify geri það að verkum að fólk eyði sífellt minna af peningum í tónlist. Slíkt óheft aðgengi að tónlist stuðli enn fremur að því að hún verði einhvers konar hlaðborðsvara, það er neysluvara sem nánast ótakmarkað framboð sé af.

Framkvæmdastjóri Spotify á Norðurlöndunum segir að miklu frekar sé ástæða til að fagna þróuninni en að bölvla henni. „Auðvitað hefur tónlistargeirinn breyst með tilkomu netsins en einmitt þess vegna urðum við til. Fólk sem var að stela tónlist af netinu getur nú keypt sér aðgang að tuttugu milljón lögum fyrir tíu evrur á mánuði,“ segir Forster. „Það eru engar tölur til um að niðurhal minnki samhliða útbreiðslu Spotify en ég er algjörlega sannfærður um að þjónustan okkar ýti enn frekar undir það að fólk fari á tónleika







**Jonathan Forster**  
framkvæmdastjóri Spotify á  
Norðurlöndum

og kaupi varning með hljómsveitunum sínum. Svo er oft erfitt að fá diskinn sem mann langar í og tónlistarbransinn verður bara að gera fólki kleift að nálgast tónlist löglega á sem auðveldastan máta.”

Geisladiskasala í heiminum náði hámarki um aldamótin síðustu en síðan þá hefur sala þeirra farið hríðlækkandi á meðan hlutur tónlistarveitna hefur vaxið. Telur Forster að fólk muni eyða minna og minna í tónlist? „Nei, þvert á moti tel ég að fólk muni eyða meira,“ segir hann. „Í dag eyða fáir peningum í tónlist en þar sem við komum eykst hlutfall þeirra. Sífellt fleiri ákveða að borga 120 dali á ári fyrir þjónustu okkar, og það er umtalsvert meira en meðalmaðurinn eyðir í tónlist á ári.“

### **Samningaviðræður við íslenska útgefendur gengu vel**

Eins og fyrr sagði er þjónusta Spotify í boði í 28 löndum í dag. Þegar fyrirtækið fer inn á nýjan markað þarf það að semja við tónlistarréttihafa í viðkomandi landi. Forster segir samningaviðræðurnar við íslenska réttihafa hafa gengið vel. „Við þurfum alltaf að semja við alla, hvort sem það er litla óháða plötuútgáfan eða risaútgáfufyrirtækið. Í dag er fyrirtækið orðið það útbreitt að það er miklu auðveldara fyrir okkur núna að ná samningum en í upphafi,“ segir hann.



„Við eyddum drjúgum tíma í að komast inn á markaðinn í Bandaríkjunum og Þýskalandi á sínum tíma, enda mikið undir þar, en með tímanum hefur okkur tekist að ganga hratt inn á aðra markaði. Til að mynda var tilkynnt um komu okkar til Eystrasaltslandanna, Hong Kong og Mexíkó sama dag og við komum hingað til lands.”

## Hafa tröllatru á viðskiptamódelinu

Þrátt fyrir að notendur Spotify geti nýtt sér þjónustu fyrir-tækisins ókeypis með auglýsingum þarf fyrirtækið að greiða rétt höfum fyrir laganotkunina. Því getur reynt afar kostnaðarsamt fyrir fyrirtækið að ná sér í fasta viðskipta-vini sem kaupa sér Premium-aðgang. Spurður hvort þetta viðskiptamódel gangi upp svarar Forster: „Já, já. Því fleiri sem prófa þjónustuna, leika sér með hana og svo framvegis, þeim mun fleiri kaupa sér aðgang. Markmið okkar er að allir fái aðgang að Spotify; það er vissulega háleitt markmið en við höfum sett markið hátt. Það er dýrt að fara inn á nýja markaði og þróa tæknina en miðað við viðtökurnar höfum við enga ástæðu til annars en að vera bjartsýn.“

Eins og fyrr sagði hefur vöxtur Spotify frá stofnun verið ótrúlegur. „Þetta hefur verið hálfbrjáláð. Stundum þarf maður að klípa sig og muna að þefa af kaffinu. Við teljum að það sé ónauðsynlegt að stela tónlist af netinu í dag og það pírrar okkur að til séu lönd þar sem fólk hefur ekki tækifæri til að nýta sér Spotify, og sömuleiðis að fólk hafi ekki heyrt af okkur í löndum þar sem við erum komin.“

## Verðmætur samstarfsaðili

Ekki fæst uppgefið hjá Spotify hvort og hversu mikinn afslátt fyrirtækið veitir Símanum af þjónustu tónlistarveitunnar. „Hagur Símans er að setja þjónustuna okkar inn í pakka-tilboðin sín. Tónlist skiptir fólk máli, ekki síst ungu kyn-slóðina, auk þess sem við vitum að Spotify er svalt fyrirtæki til að vera í samstarfi við. Þannig verður vara Símans verð-mætari fyrir vikið,“ segir Jonathan Forster. „Fólki finnst spennandi að geta nálgast yfir tuttugu milljón lög í símanum



**LYKILTÖLUR**  
*frá IFPI Sweden (samtök-  
um hljómplötuútgefenda í  
Svíþjóð) fyrir fyrri helming  
ársins 2013*

**Heildarmarkaðshlutdeild:**  
aukist um 12 prósent  
á milli ára

**Stafræn sala:** aukist um 33  
prósent á milli ára og eru 75  
prósent af öllum tekjum.

**Streymi á tónlist:** aukist um  
39 prósent á milli ára og eru  
70,3 prósent af öllum tekjum.

**Tekjur af streymi tónlistar:**  
351,2 milljónir  
sænskra króna.

**Heildartekjur iðnaðarins:**  
499,4 milljónir  
sænskra króna.

sínum og fylgst með lagalistum Wayne Rooney og Barack Obama.“

Við innreið sína á nýja markaði hefur tilhneiging Spotify verið að semja við ráðandi farsímafyirtæki í viðkomandi landi. „Við erum stolt af þessum samstarfsverkefnum og þar er Síminn engin undantekning. Með því að vinna með stóru símafyirtæki gerast hlutirnir augljóslega hraðar. Við erum fyirtæki sem er að flýta sér og viljum eiginlega að hlutirnir hafi gerst í gær. Við getum gert helling ein en það er líka fínt að vinna með öðrum,“ segir Jonathan Forster.

Hlutfall þeirra sem endurnýja Premium-áskrift sína hjá Spotify eftir að áskrift sem fylgdi pakkatilboði lýkur er mjög hátt. Heimildir Kjarnans herma að það sé um 70 prósent. Framkvæmdastjóri Spotify á Norðurlöndunum vill þó ekki gefa upp nákvæma tölu í þeim efnum. „Þú veist að ég get ekki svarað því. Við verðum auðvitað fyrir miklum vonbrigðum ef fólk kys að hætta hjá okkur. Ef einhver hefur verið með þjónustuna í sex mánuði, með allan þennan aðgang að tónlist, og vill svo ekki greiða tíu evrur á mánuði til að halda áfram langar okkur mikið að fá að vita af hverju.“

## Vonast til að Spotify nýttist íslensku tónlistarfólki

Að sögn Forsters er íslensk tónlist í miklum metum hjá starfsfólki Spotify. „Sigur Rós er á mörgum lagalistum hérna, sömuleiðis Björk, og svo er fólk að fíla Of Monsters and Men mjög vel. Ég hlusta sjálfur mikið á Gus Gus. Ísland er með svo ótrúlegan tónlistararf, tónlist er svo rík í þjóðinni, og vonandi getum við lagt okkar af mörkum til þess að fleiri íslenskar hljómsveitir njóti hylli á heimsvísu.“

# BÍÓ ★ PARADÍS

FRUMSÝND 6. SEPTEMBER

"BRILLIANT, ENGROSSING SLICE OF NOSTALGIA" THE AERO REPOSITORY  
"REFRESHINGLY" THE COMING-OF-AGE  
"UNIQUE" TO THE GENRE  
"A NEW TAKE" FILMSCHOOLPROJECTS.COM  
"A HEARTWARMER" FIRSTSHOWING.NET  
"A SLEEPER" INDIEWIRE.COM  
"AN INSTANT CLASSIC" GEEK TYRANT  
"A TOTAL PLEASURE" MOVIELINE  
"REALLY CHANGING AND HONEST ABOUT THE MOST AWKWARD PART OF GROWING UP" ON THE COOL SIDE  
"HIT OF THE SUMMER" MOVIELINE  
"DON'T MISS IT"



The Kings of Summer

# EXIT

Exit er menningar-, afþreyingar- og lífsstílskaffi Kjarnans.

## Skop



## Samfélagið segir...



**PORBJÖRN ÞÓRÐARSON** @thorbjornth  
John Kerry hefur farið í svo margar lýtaaðgerðir að þetta fer að verða vandræðalegt. Nánast óþekktanlegur.  
Miðvikudagurinn 4. september



**BRAGI VALDIMAR SKÚLASON** @BragiValdimar  
Ég krefst þess að framlög til fávitavæðingar stjórnmalamanna verði stóraukin.  
Þriðjudagurinn 3. september



**MARGRÉT ERLA MAACK** @mokkilitli  
Sirkus Íslands segir takk. Við erum svo mikið þakklát.  
Mánudagurinn 2. september



**ÁSLAUG ARNA SIGURBJÖRNSDÓTTIR** @aslaugarna  
Legg á vinkonu mína af illri nauðsyn þar sem heimasíminn minn gaf frá sér creepy hljóð. Síðan geltir hundurinn minn uppúr svefni #smáskelkuð  
Miðvikudagurinn 4. september



**STEFÁN PÁLSSON**  
Fótbolti kvöldsins gekk vel, þrátt fyrir hauststirðleika í mönnum. Skoraði sjálfur þrjú af tólf mörkum minna manna, enda hef ég löngum haldið mig við þá kristilegu leikaðferð að þeir síðustu verða fyrstir.  
Miðvikudagurinn 4. september



**BERGSTEINN SIGURÐSSON**  
Einn vinsælasti frasinn í stjórnmalum um þessar mundir: Grímulaust.  
Miðvikudagurinn 4. september



**STEINUNN ÁSA ÞORVALDSDÓTTIR**  
ég er listheild og vil njóta þess á meða það er það er svo alt og oft sem er skoriðinur fyrir minimátar fatlað fólk á að njóta að gera alt ensog hinir við þurfum bara smá hjálp við það  
Þriðjudagurinn 3. september



**BJÖRG EVA ERENDSÓTTIR**  
Ofurbótaþegarnir í LÍU, stóriðjunni, landbúnaðinum og bankageiranum sjá ofsjónum yfir smáaurum í listir, menningu og velferð. Þeir styrkir eru míkróskópiskir, miðað við styrkja- og velferðarkerfi auðstétta og sauðstétta.  
Þriðjudagurinn 3. september

# Crostata fyllt bláberjum

**H**austið er tími berjanna og fátt er betra en að njóta þeirra á sem fjölbreyttastan hátt. Hér er einföld uppskrift að dásamlegri Crostata með bláberja- og rjómaostafyllingu. Crostata kemur upprunalega frá Ítalíu og er baka eða deig sem er fyllt með ýmsu góðgæti. Hér er hún fyllt með bláberjum en þeim má auðveldlega skipta út fyrir önnur ber eða ávexti. Þessi er bæði einföld og fljótleg í gerð og hreinn unaður að borða með vanilluís og/eða rjóma.

## Crostata með bláberja- og rjómaostafyllingu



### HRÁEFNI Í BLÁBERJAFYLLINGU

- 350 g fersk bláber
- 2 msk. sykur
- ½ tsk. kanill
- ½ tsk. sítrónusafi
- 1 msk. hveiti

### HRÁEFNI Í BOTN

- 150 g hveiti
- ¼ tsk. salt
- ½ msk. sykur
- ¼ tsk. kanill
- 1 dl ólífuolía
- 1 dl mjólk + 1 msk. til penslunar

### HRÁEFNI Í RJÓMAOSTAKREM


- 160 g rjómaostur, mjúkur
- 2 msk. sykur
- 1 tsk. vanilludropar

### AÐFERÐ

- 1 Blandið varlega saman bláberjum, sykri og kanil. Bætið saman við sítrónusafa og hveiti. Geymið.
- 2 Blandið saman í aðra skál hveiti, salti, sykri og kanil. Bætið síðan ólífuolíu og mjólk út í og hrærið saman þar til deigkúla hefur myndast. Hnoðið deigið á hveitistráðu borði og fletjið það út í um 30 cm hring. Færið yfir á ofnplötu með smjörpappír.
- 3 Rjómaostafyllingin er því næst útbúin með því að hræra saman rjómaosti, sykri og vanilludropum. Dreifið kreminu yfir botninn en skiljið 3 cm eftir við endann.
- 4 Setjið bláberin varlega yfir rjómaostakremið.
- 5 Brjótið upp á endana á botninum og þrýstið þeim aðeins niður. Penslið með mjólk og bakið í 200 °C í um 25 mínútur eða þar til skorpan er orðin gyllt.



# Fyrirheit um dramatískan vetur



**B**æklingarnir eru komnir, síðurnar upp-  
færðar, sumarfríum lokið – símarnir eru  
opnir og netið bíður púlsandi eftir því að  
spenntir leikhúsunnendur panti og bóki. Svo  
bíða stólarnir eftir rössunum og allt getur  
farið á flug. Þetta ár – hvers haust kom svo háskalega  
snemma – hefur alla burði til þess að verða frábært leik-  
ár. Fyrirheitin eru fögur og mörg.

Sumir fara í leikhús því það er ekkert í bíó. Aðrir  
fara af skyldurækni því það er leikari í fjölskyldunni.  
Sumar fá sér bjór og natsjós. Nokkrir koma þegjanda-  
legir með konunum sínum. Ástfangið lið fer uppstrílað á  
stefnumót í leikhús og börn og ungmenni mæta ýmist í  
blankskóm eða með buff á hausnum. Það er allur gangur  
á þessu. Þess vegna er þetta gaman.

Hér í Kjarnanum verður fjallað um leikhús á afar  
breiðum grundvelli. Á þessum vettvangi munu ekki birt-  
ast hefðbundnir dómur um sýningar heldur efni af öllum  
toga sem tengist þeim eða listinni almennt. Ábendingar  
eru vel þagnar og má koma þeim á framfæri með póstum  
á greinarhöfund.

# Verk vetrarins

ENGLAR ALHEIMSINS



## Nokkur góð ráð

... fyrir fólk í leikhúspælingum


1. Veldu rétta sýningu. Þetta er grundvallaratriði! Kíktu á netið eða í kynningarbækling leikhúsanna og taktu upplýsta ákvörðun. Fáðu einhvern sem þú treystir til að mæla með verki. Talaðu við miðasölufólkið og fáðu innherjaupplýsingar. Ef þú ert efins, gluggaðu þá í leikskrána og fáðu tilfinningu fyrir sýningunni. Ekki bara fara á eitthvað.
2. Mættu í réttum félagsskap. Þá tryggir þú að minnsta kosti að kvöldið verði fínt. Og ef sýningin er frábær deilir þú reynslunni með einhverjum sem gaman er að ræða við.



3. Kynntu þér kvöldið. Fáðu upplýsingar um hversu löng sýningin er (pissustopp), hvort það er hlé (og hvenær) og í hvaða sal hún er sýnd. Þessi atriði geta skipt sköpum varðandi þægindi og þar með upplifun.
4. Ef þú hefur áhyggjur af leiðindum skaltu fá þá sæti nálægt útgangi. Þá getur þú (tæknilega) laumast út án þess að allur salurinn sjái til. En það mun einhver sjá þig, líklega frænka þín – og hún spyr þig pottþétt út í allt.
5. Þarftu að hressa þig við? Til að spara tíma getur þú oft pantað veitingar fyrir sýninguna. Þá sleppur þú við röðina í hléinu og átt tryggt sæti frammi með glasinu þínu.
6. Ertu með hósta? Eða hatar þú hóstara á leiksýningum? Mættu þá með Ópal og bjóddu með þér. Sérstaklega öllum veiklulegum.
7. Ertu hávaxin(n)? Reyndu að komast í endasæti til að geta rétt betur úr fótunum.
8. Ertu smávaxin(n) og föst/fastur fyrir aftan stórbeinóttan áhorfanda? Fáðu einhvern hærra til að skipta um sæti við þig. Fólk er ofsalega næs – það er fullkomlega eðlilegt að spyrja. Þú borgaðir ekki fyrir þennan hnakka.
9. Heyrir þú illa? Fáðu sæti framarlega. Það er fátt meira pirrandi fyrir leikhúsgesti en aðrir gestir sem þurfa að „fara yfir málin“ og hvísla öll samtölin. Eða kommenta á þau jafnóðum. Það er vondur vani.
10. Áttu ekkert til að fara í? Enga(n) til að fara með? Hatarðu íslenska leikara? Var ömurlegt síðast? Komdu bara samt í leikhús. Það verður ábyggilega gaman.

JÓJÓDEILDIN:

Ótrúlegur  
óstöðugleiki í  
argentínska  
boltanum



**I** júní síðastliðnum sáust þúsundir manna háskæla í beinni útsendingu í argentínska sjónvarpinu. Það var engu líkara en síðbúin líkvaka Kim Jong-il, leiðtoga Norður-Kóreu. En fullorðna fólkið sem grét þessum beisku tárur á hryssingslegum haustdegi í Buenos Aires var ekki kóreskir kommúnistar. Þetta voru stuðningsmenn argentínska fótboltaliðsins Independiente. Táraflaumurinn stafaði af því að þetta stórlið í argentínska boltanum var nú fallið niður í næstefstu deild.

Fall þessa rísa þótti sorglegt í ljósi þess að fyrir tveimur árum féll enn stærri klúbbur, River Plate, nokkurs konar hliðstæða Real Madrid í Argentínu. Þessi atburðir hafa varpað ljósi á ævintýralegan óstöðugleika í argentínska boltanum. Orsakirnar eru margvíslegar og umdeildar en virðast hrærigrautur fjármálaóreiðu, spillingar, neikvæðra afleiðinga hnattvæðingar og argentínsks knattspyrnustíls.

Fyrst skal útskýrt að skipulag deildarkeppninnar er með öðru sniði en víðast hvar annars staðar. Tveir meistarar eru krýndir á hverju tímabili; sá fyrri í febrúar, þegar tímabilið er hálfnað, en sá síðari í lok þess í júní.

Í febrúar síðastliðnum varð Vélez Sarsfield meistari og í júní gerði Gerardo Martino (nú hjá Barcelona) Newell's Old Boys að meisturum.

Reiknað er meðaltal síðustu þriggja ára til að meta hvaða tvö lið falla úr deildinni hvert ár ásamt því þriðja sem lendir í neðsta sæti í deildinni.

Sigursælasta fótboltafélag Argentínu, River Plate, sem varð meistari í síðari helmingi leikársins 2008, hafnaði í síðasta sæti á næsta tímabili á eftir og slæm úrslit árin eftir urðu til þess að liðið féll um deild árið 2011, sem þótti með ólíkindum.

Á þeim tíma skipti félagið um þjálfara jafnoft og snyrtipinni um nærbuxur. Og leikmannaveltan var ótrúleg. Argentínsku stórliðin virka eins og uppeldis- og útungarstöðvar fyrir evrópska fótboltann. Fjárhagslegur

**1.700**

Argentínskir leikmenn seldir til erlendra liða á ári\*

## **117 milljónir Bandaríkjadala**

Tekjur argentínskra fótboltafélaga af sölu leikmanna á ári\*

## **7. sæti**

Argentínska deildin var talin sú sjöunda sterkasta í heiminum fyrir árin 2001-2012 samkvæmt tölum IFFHS (International Federation of Football History & Statistics).

\*Samkvæmt skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins Euroamericas árið 2010.


ávinningur af sölu leikmanna er auðvitað umtalsverður en umrótið sem af henni hlýst er skaðlegt. Þjálfarinn þarf að sætta sig við að hefja nýtt tímabil með glænýjum leikmönnum. Hnattvæðingin flytur fótboltann um allan heim en sogar bestu leikmennina til Evrópu.

Mikil spilling og innanhússátök hafa líka verið landlægt vandamál hjá argentínsku liðunum. River Plate náði að komast strax aftur í fyrstu deild en nú er ómöglegt að meta hvort það verður meistari eða fellur aftur.

Independiente féll eftir síðasta tímabil vegna svipaðra ástæðna og River. Þekkt „afkvæmi“ félagsins eru mörg en einna frægast er Sergio „Kun“ Agüero, sem seldur var til Atlético Madrid árið 2006 fyrir 23 milljónir evra. Ljóst er að þær háu fjárhæðir skiluðu sér ekki til uppbyggingar hjá liðinu.

Hér hefur ekki verið minnst á Boca Juniors, sem ásamt River er mesta stórlið landsins. Boca hefur ekki fallið enn en sveiflast þó eins og jójó á milli topps og botns deildarinnar. Liðið varð meistari árið 2011 en lenti í næstsíðasta sæti síðast. Enda ákvað Boca að einbeita sér einvörðungu að Copa Libertadores, sem er suðuramerísk útgáfa Meistaradeildarinnar, og sendi varaliðið í deildarleikina þegar ljóst var að vonin um titilinn var úti.

Margir hafa tengt óstöðugleikann í argentínsku deildarkeppninni við ófarir argentínska landsliðsins á síðustu stórmótum. Getur verið að hinn herfilegi 4-0 ósigur Maradona, Messi og féлага gegn Þjóðverjum og sömuleiðis sveiflukennd deildarkeppni í Argentínu hafi stafað af af mikilli áherslu á sóknarleik og djarft spil? Gæti vandamálið legið í þeirri árátta Argentínnumanna að spila of rómantískan og skemmtilegan bolta í stað fyrirsjáanlegrar og leiðinlegrar „evrópskrar skynsemi“? Gefum úrúgvæska rithöfundinum Eduardo Galeano orðið: „Knattspyrnusagan er sorgleg ferð frá skemmtun til skyldu. Með því að breyta íþróttinni í atvinnugrein hefur fegurðin sem kviknar við að spila hamingjunnar vegna verið eyðilögð.“ (Úr bókinni El fútbol a sol y sombra (1995) (Fótbolti í sól og skugga)).




ÍSLAND

ALBANÍA

ÞRIÐJUDAG

KL. 19:00

# Skrifað fyrir hina dónu



## BÆKUR

I Am a Chechen  
German Sadulaev

**S**aga Tsjetsjeníu er saga ófriðar. Þegar íslenskir unglingar hlustuðu áhyggjulausir á Vini vors og blóma réðust Rússar inn í Tsjetsjeníu og stóð ófriðurinn yfir í tvö ár. Árið 1999 réðust Rússar svo aftur inn í Tsjetsjeníu. Bókin I Am a Chechen er ótrúleg saga ungs manns sem upplifir þessar innrásir Rússa á eigin skinni. Bókin er sjálfsævisaga sem er sorglegri og ömurlegri en nokkur skáldsaga gæti nokkurn tíma orðið. Á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar höfðu Rússar drepið alla tsjetsjenska karlmenn eldri en 14 ára og er talið að 60% þjóðarinnar hafi þurrkast út. Hægt er að rekja sögu tsjetsjensku þjóðarinnar í Kákasusfjöllunum langt aftur í aldir en færstar kynslóðir hafa lifað friðartíma. Árið 2004 ályktaði Evrópuþingið að þjóðarmorð hefðu verið framin í Tsjetsjeníu.

German Sadulaev, höfundur I Am a Chechen, fer í nám til St. Pétursborgar og er bókin nokkurs konar uppgjör við þá ákvörðun hans að skilja fjölskyldu sína og vini eftir í heimalandinu, þar sem örlög þeirra eru fyrir fram ráðin. Rússar myrða nánast allar sögupersónurnar sem kynntar eru til leiks, á misjafnlega hrottafenginn hátt.

Bókin I Am a Chechen er fyrsta bókin í mjög langan tíma sem er skrifuð af Tsjetsjena og þýdd yfir á ensku. Þær bækur sem segja frá stríðinu í Tsjetsjeníu hafa verið

skrifaðar af Rússum, en erlendum fjölmiðlum var haldið fjarri meðan á stríðinu stóð.

I Am a Chechen er skrifuð á mjög einlægum hátt og fær lesandinn að fylgja rithöfundinum allt frá því hvernig hann upplifir söknuð, depurð og langar til að fyrirfara sér til þess þegar hann rifjar upp saklaus uppvaxtarár sín þegar hann lék sér frjáls í náttúrunni og ekkert gat skyggt á gleði hans. Sadulaev fór 16 ára frá Tsjetsjeníu í nám og segist hann lifa til að geta sagt sögu þeirra dáu og að bókin sé skrifuð fyrir þá en honum finnst hann hafa yfirgefið fjölskyldu sína og vini vitandi það að þeirra biði aðeins dauðinn. Höfundurinn er mjög heiðarlegur með eftirsjá sína því hann segist hafa dáðið tvisvar en þeir sem hafi orðið eftir deyi bara einu sinni.

Sadulaev er mjög æðrulaus maður og tekur örlögum sínum með mikilli ró og auðmýkt. Hann virðist einhvern veginn hafa upplifað svo margt svo skelfilegt að hann geti skrifað um það til að lina sársaukann. Auðmýkt hans kemur einna skýrast fram í frásögn hans af reynslu sinni sem aðstoðarmaður saksóknara í St. Pétursborg. Eitt af skylduverkum hans var að fara yfir dánarskýrslur þeirra sem höfðu framið sjálfsmorð í borginni. Oft í viku féllu fyrrverandi hermenn fyrir eigin hendi og oftast en ekki höfðu þeir verið í stríðinu í Tsjetsjeníu. Mennt sem höfðu átt eðlilegt líf virtust ekki geta fótað sig eftir þessa lífsreynslu og andlegri heilsu þeirra hafði oft hrakað mjög hratt. Í bókinni segir að ekki séu til tölur yfir hversu margir hermenn sem börðust í Tsjetsjeníu hafi framið sjálfsmorð en samkvæmt því sem höfundurinn sá hjá einum saksóknara í einni borg voru þeir fjölmargir.

Tsjetsjenskir aðskilnaðarsinnar hafa verið sagðir ábyrgir fyrir hryðjuverkum af ýmsum toga, sprengingum víðs vegar um Rússland og umsátrinu í Beslan árið 2004 þar sem yfir 300 létust, þar af 186 börn. Andstæðingar rússneskra stjórnvalda hafa haldið því fram að þau hafi raunverulega staðið á bak við þessi hryðjuverk og að ógnin í Tsjetsjeníu sé notuð til að réttlæta hernað og að



Smelltu til að horfa  
á heimildarmynd  
um ástandið í  
Tsjetsjeníu



gerðir gegn hryðjuverkamönnum. Við lestur bókarinnar *I Am a Chechen* er ekki hægt annað en að leiða hugann að þessum samsæriskeningum því sagan segir frá saklausum og fátækum þorpsbúum sem lifa fyrir einn dag í einu og hafa gert í gegnum aldirnar þar sem vinna í námum hefur tekið við af sjálfsþurftarbúskap.

Augu alheimsins beindust svo aftur að þessari litlu þjóð í kjölfar sprenginganna í maraþoninu í Boston því gerendurnir voru frá Tsjetsjeníu og í vestrænum fjölmiðlum voru þeir tengdir við hryðjuverkasamtökin Al Kaída, þar sem íslamistar hafa sífellt orðið valdameiri í Tsjetsjeníu á undanförunum árum.


Heiðarleiki frásagnarinnar gerir bókina átakanlega aflestrar. Einnig er skelfilegt til þess að vita að Sadulaev var aðeins 37 ára þegar hann skrifaði bókina en nánast öll fjölskylda hans og flestir vina hans eru dánir. Bókin er skyldulesning fyrir alla þá sem vilja vita meira um hvað gerðist í Tsjetsjeníu en það sem kemur ritskoðað frá Rússum.



## BROT ÚR BÓKINNI

Lýsir hugsunarhætti  
Tsjetsjena

It's hard to be a Chechen. If you're a Chechen, you must feed and shelter your enemy when he comes knocking as a guest; you must give up your life for a girl's honour without a second thought; you must kill your blood foe by plunging a dagger into his chest, because you can never shoot anyone in the back; you must offer your last piece of bread to your friend; you must get out from your car to stand and greet an elderly man passing on foot; you must never run away, even if your enemy are a thousand strong and you stand no chance of victory, you must take up the fight all the same. And you can never cry, no matter what happens. Your beloved women may leave you, poverty may lay waste to your home, your comrades may lie bleeding in your arms, but you may never cry if you are a Chechen. If you are a man. Only once, once in a lifetime, may you cry: when your mother dies.




# Að hanna heiminn?



Deildu með  
umheiminum







**H**eimur hnignandi fer eða hvað? Við þekkjum öll þá tilfinningu að með aukinni tækni og aðgengi að henni sé heimurinn á einhvern hátt að versna. Börn geta ekki farið í bílferð nema horfa á eða leika sér í spjaldtölvunni sinni, fullorðna fólkið skoðar snjallsímama sína á fundum, í fjölskylduboðum og við matarborðið og það er illmögulegt að fá ungling heimilisins til að líta upp úr tölvuleiknum. En er þessi þróun eingöngu slæm?

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að það komi fram hér að augljóslega er tölvuheimurinn ekki uppbyggjandi staður fyrir alla, heldur er hann fyrir sumum athvarf frá vandamálum þessa heims og sumir tölvuleikir eru í raun hannaðir fyrir hermenn í þjálfun en ekki ungt fólk sem spilar leiki í herberginu sínu. Einmitt þess vegna er mikilvægt að foreldrar ungmenna og barna setji sig inn í þá leiki sem börnin spila og ákveði í kjölfarið hvort þeim finnst leikirnir viðeigandi.


En er ástæða til að hafa svo miklar áhyggjur af unglingunum sem eyða miklum tíma í tölvuleikina? Það er alls ekki ólíklegt að það verði einmitt þeir sem munu bjarga okkur frá yfirvofandi vandamálum eins og mengun, loftslagsbreytingum, matar-, vatns- og olíuskorti sem okkar kynslóð finnst erfitt að horfast í augu við, hvað þá að leysa. Ungt fólk sem spilar tölvuleiki er nefnilega margt hvert orðið sérfræðingar í því að leysa ýmis verkefni. Oft með félögum sínum úr netheimum, sem jafnvel búa í öðrum heimsálfum. Tölvuleikjahönnuðurinn Jane McGonigal telur að þetta sé mjög líkleg framtíðarsýn, að það verði í raun tölvuleikjaspilarar sem bjargi heiminum. McGonigal vann í mörg ár við að hanna tölvuleikinn World of Warcraft og í TED-spjalli sínu fer hún yfir það hvernig ungt fólk, sérstaklega ungir drengir sem eru búnir að spila tölvuleiki hátt í 10.000 tíma þegar þeir útskrifast úr menntaskóla, er orðið sérfræðingar í því að leysa ýmis verkefni. Það sem





kemur mest á óvart er að unga fólkið er að leysa verkefnin með öðrum spilurum alls staðar að úr heiminum. Þess vegna er það sennilega myta að tölvuleikjaspilarar séu félagsfélarnir, því að félagsfélarnir innan tölvuheimsins yrði mörgum spilurum að falli. Margir leikjanna kalla á mikil samskipti milli spilara, þar eiga þeir vini, takast á við verkefni og leysa þau. Spilarar sem búa þúsundir kílómetra frá hvor öðrum hjálpast að við að leysa verkefnin. McGonigal vinnur nú við að hanna tölvuleiki sem líkja eftir raunverulegum aðstæðum og vandamálum sem blasa við okkur núna, til dæmis fólksfjölgun og sístækkandi fótspori manneskjunnar á jörðinni. Markmiðið með leikjum hennar er að fá spilara til að taka þátt í að leysa þessi verkefni saman með þeim aðferðum sem notaðar eru í hefðbundnum tölvuleikjum sem krefjast samvinnu. Þetta gera spilararnir þvert á lönd, tungumál, aldur og kyn. McGonigal og fyrirtæki hennar, Institute for the Future, hafa hannað yfir 30 leiki sem hafa það að markmiði að leysa raunveruleg vandamál. Sumir þeirra líkja eftir aðstæðum í ákveðnum löndum, til dæmis þar sem matarskortur er mikill eða aðstæður á annan hátt erfiðar.

Margir tölvuleikjaspilarar kynna sér á einhverjum tímamarki forritunartungumálið á bak við leikinn og margir afla sér sjálfir þekkingar og verða sjálfleðir forritarar. Það getur skipt sköpum að þekkja tungumálið til að geta haft áhrif á leikinn. Þegar þetta er skoðað er áhugavert að velja því fyrir sér hvaða áhrif kynslóð tölvuleikjaspilandi unglinga getur haft á þróun arkitektúr og hins manngerða umhverfis. Nú þegar er hægt að sjá þessa þróun í mörgum meistaraverkefnum arkitektanema og þá sérstaklega í þeim skólum sem mest hafa tileinkað sér nútímatækni, forritun, tölvur og tölvustýrðar vélar. Margir þeirra sem nú eru að útskrifast úr meistaranámi í arkitektúr hafa spilað tölvuleiki í mörg ár og hefur það áhrif bæði á útlit og lausnir verkefnanna. Í mörgum skólum eru verkefnin





Smelltu til að horfa  
á myndband um  
Megalomaniu

líka að miklu leyti farin að snúast um það að jörðin býr ekki yfir óendanlegum auðlindum. Tölvur og tækni eru farin að hafa mjög mikil áhrif á daglegt líf okkar og það er mikilvægt að taka alla þessa þætti inn í hönnunarverkefnið með framtíð jarðarinnar í huga.

Dæmi um verkefni sem minnir óeitanlega á umhverfi tölvuleikja er þetta myndband sem var loka-verkefni Jonathan Gales þegar hann útskrifaðist úr meistaranámi sínu frá Bartlett-háskólanum. Þetta er falleg framtíðarsýn fyrir ímyndaða borg sem er tölvuteiknuð í þrívíddarforriti og auðvelt að sjá tilvísanir í heim tölvuleikjanna með ókláruðum og eyðilögðum byggingum. Byggingareiningarnar eru stundum eins og útvextir á öðrum byggingum eða hluti af öðrum mannvirkjum eins og byggingarkrana eða Parísarhjóli.


Annað dæmi um meistaraverkefni í arkitektúr er unnið af Chang-Yeob Lee, sem útskrifaðist nýlega úr Royal College of Art í London. Verkefnið heitir Synth[e] tech[e]cology og snýst um að breyta fjarskiptaturni í

miðborg Lundúna í hreinsiturn til að auka loftgæði borgarinnar. Verkefnið snýst aðallega um að hið byggða umhverfi hafi jákvæð áhrif á samfélagið með því að taka á þeim vandamálum sem stórborgir standa frammi fyrir. Ysti hjúpur byggingarinnar er í rauninni vél sem einangrar kolvetni úr menguðu loftinu og notar það í efnaferli til framleiðslu á eldsneyti, svipað og íslenska fyrirtækið Carbon Recycling gerir við Svartsengi. Innri rými byggingarinnar er rannsóknarstofa sem fylgist með umbreytingunni. Chang-Yeob Lee sér fyrir sér að hægt væri að nota sama hjúp og tækniútfærslu á aðrar byggingar. Hér er hægt að skoða verkefnið betur og einnig myndband sem sýnir reikniaðferðir og hönnunarferlið:




Smelltu til að lesa  
um verkefni  
Chang-Yeob Lee

Auðvitað má alltaf deila um fagurfræði og heildarfótspor verkefna sem eru forrituð, þrívíddarteiknuð og undir áhrifum útópískra tölvuleikja alveg eins og öll önnur hönnunarverkefni en það er mikilvægt að muna eftir heildarmyndinni. Við erum á stað í mannkynsögunni þar sem við sjáum ekki alveg sjálf hver framtíðin verður í þróun tækni, vísinda og hönnunar. Mannlegur skali, staðarandi, form- og fagurfræði verða alltaf hluti af góðri hönnun en í dag virðast verkefni í mörgum greinum ná aðeins lengra ef maður og tölva vinna saman. Því er eðlilegt að hönnunarheimurinn sýni tækni og vísindum áhuga, enda sjáum við þar ótrúlegar framfarir sem eru svo hraðar að fæst okkar ná að fylgja þeim eftir. Einmitt þess vegna ættum við að sýna tölvuleikjaspilurunum okkar meiri áhuga. Kannski eiga þeir eftir að bjarga heiminum.



# Haustið læðist upp að okkur



**F**löskugrænn, búrgúndarrauður, sinnepsgulur, kamelbrúnn, dökkkóngablár, ryðrauður, svartur, hvítur, appelsínugulur, grár, fjólblár, silki, bómull, flauel, leður, ull, kasmír, loðfeldur, nælon, satín, rendur, mynstur, snið, form, prent, stíll, lýsing, dýpt, kósý, vítt, þröngt, New York, París, Mílanó, Róm, herrar, 2013...

Haustið læðist upp að okkur, blæs roða í kinnarnar og ýfir hárið. Auglýsingaherferðir tískuhúsanna birtast hver af annarri og það dimmir fyrir á kvöldin.

Það var hins vegar í byrjun árs sem línurnar fyrir komandi haust voru lagðar, í stórborgum sem þekktar eru fyrir að standa öðrum frammar þegar kemur að tísku. Þá var hugurinn reyndar flakkandi um sumarstrendur og bjartar nætur, enda kalt í janúar og auðveldara að ylja sér við hugsanir um sumar og sól en að hugsa um haust og vetur án enda. Tíminn líður hins vegar svo ótrúlega hratt ▼



Robert Geller



Prada



Missoni



Kris Van Assche



Moschino



Moschino



Paul Smith



að nú er sumarið sem þá var aðeins til í huganum búið (eða kom það kannski aldrei!?) og haustið hefur tekið við, vonandi verður það milt og gott.

Þegar tískuvikurnar stóðu yfir var margt sem gladdi augað og gaman að fylgjast með sýningunum. Sumar þeirra voru í beinni útsendingu á vefnum og var Prada-sýningin ein af þeim. Mjög svo falleg sýning þar sem heildarútlitið var einstaklega vel heppnað, það skilaði sér svo í mjög smekklegru auglýsingaherferð þar sem litir, form og áhrif sjöunda áratugarins eru í fallegu jafnvægi.

Saint Laurent sendi einnig frá sér mjög töff herferð með blöndu af rokki og myndlist. Ljósmyndirnar eru teknar af Hedi Slimane, sem jafnframt er hönnuður Saint Laurent haust/vetur herralínunnar og listrænn stjórnandi YSL (sem hann reyndar endurnefndi Saint Laurent Paris).

Þessar tvær herferðir eru sérstaklega eftirtektarverðar og glæsilegar. Flæðið á milli hönnunar og lista býr jafnan til sterka heildarmynd þegar samvinna skilar þeim árangri sem stefnt var að. Fatahönnun, myndlist, vöruhönnun, grafísk hönnun, kvikmyndagerð, arkitektúr og tónlist blandast saman og útkoman verður, ef vel tekst til, að konfektí fyrir augu og eyru.

Það sem haustið mun bjóða upp á í bland við rigningu, Prada, rokk og litadýrð er fjölbreytni og endalausir möguleikar þegar kemur að lagskiptum klæðnaði, fegurð á fegurð ofan. Tilvísun í útivist, vel sniðna herbúninga, dýrafeldi, íþróttir, sjöunda og áttunda áratuginn, lúxuslíf og ástina er meðal þess sem mun á næstunni fylla búðir og fataskápa.

Vonandi mun fjölbreytnin ráða ríkjum þegar tískan skilar sér út í samfélagið því það er jú skemmtilegast, sem og frelsi eigin sannfæringar, hugrekki og hugmyndaríki til að skapa eigin stíl.



Smelltu til að horfa á myndband á vefsíðu Prada fyrir vetrarlínuna



Á hverjum degi snerta heimsforeldrar UNICEF líf barna um allan heim. Með mánaðarlegum framlögum gera þeir UNICEF kleift að bæta líf bágstaddra barna til frambúðar.

Má bjóða þér að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni með okkur?

Kynntu þér málið á [www.unicef.is](http://www.unicef.is)

unicef 



# kjarninn

## Takk fyrir að lesa Kjarnann

### UM KJARNANN

Kjarninn kemur út á fimmtudagsmorgnum. Hann er gefinn út fyrir iPad og iPhone ásamt því að vera aðgengilegur í PDF-formi á vefnum.

### Ritstjórn ritstjorn@kjarninn.is

Pórður Snær Júlíusson, ritstjóri ..... thordur@kjarninn.is  
Magnús Halldórsson, blaðamaður ..... magnush@kjarninn.is  
Ægir Þór Eysteinnsson, blaðamaður ..... aegir@kjarninn.is  
Pórunn Elísabet Bogadóttir, blaðamaður ..... thorunn@kjarninn.is

### Framleiðsla

Birgir Þór Harðarson, framleiðslustjóri ..... birgir@kjarninn.is  
Magnús Teitsson, málfarsráðunautur ..... magnus.teitsson@gmail.com

### Framkvæmdastjórn kjarninn@kjarninn.is

Gísli Jóhann Eysteinnsson, framkvæmdastjóri ..... gisli@kjarninn.is  
Hjalti Harðarson, framkvæmdastjóri ..... hhardarson@kjarninn.is

### Auglýsingar auglysingar@kjarninn.is

Kjarninn  
Kt: 690413-0190  
Laugavegi 71  
101 Reykjavík  
S: 551-0708

[www.kjarninn.is](http://www.kjarninn.is)

[www.facebook.com/kjarninn](https://www.facebook.com/kjarninn)

[www.twitter.com/kjarninn\\_is](https://www.twitter.com/kjarninn_is)

Kjarninn miðlar ehf.  
gefa Kjarnann út.